

# ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Félagsmálanefnd Alþingis  
Þórshamri, 150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/1583*  
*komudagur 17/4 1996*

*Reykjavík 17. apríl 1996*

Hjálögð er umsögn miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um frumvarp félagsmálaráðherra um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem félagsmálanefnd óskaði eftir í bréfi sínu, dagsettu 27. mars 1996.

Virðingarfyllst,  
f.h. miðstjórnar ASÍ

  
Benedikt Davíðsson

## ÁLYKTUN MIÐSTJÓRNAR ASÍ UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á VINNULÖGGJÖFINNI 17. APRÍL 1996

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum. Á fundi miðstjórnar ASÍ þann 17. apríl 1996 var eftirfarandi ályktun og greinargerð um framkomið frumvarp samþykkt:

Verkalýðshreyfingin hefur talið mikilvægt að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði þannig að vinna við gerð kjarasamninga verði markvissari og lýðræðislegri. Því höfðu formenn landssambanda innan ASÍ frumkvæði að viðræðum aðila vinnumarkaðar um breytingar á samskiptaháttum m.a. um gerð rammamannsreglur um viðræðuáætlanir og fleiri atriði. Frjálsir samningar þeirra aðila sem starfa eiga eftir reglunum eru forsenda þess að um þær ríki sú viðtæka sátt sem nauðsynleg er svo að tilætlaður árangur náist.

Miðstjórn ASÍ telur að engar af þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu séu til þess fallnar að verða að gagni í því formi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta á jafnvel við um þær hugmyndanna sem fjalla um atriði sem hreyfingin telur rétt að verði hluti af samningum aðila á vinnumarkaði um samskiptareglur. Ástæður þessa eru þær í fyrsta lagi að framsetning hugmyndanna er afar gölluð í frumvarpinu en í öðru lagi, sem er aðalatriði, að samskipti á vinnumarkaði verða aldrei færð til betri vegar með lögum sem knúin eru fram í andstöðu við hreyfingu launafólks. Aðferð ríkisstjórnarinnar í máli þessu mun leiða til vaxandi ólgu á vinnumarkaði, þvert á yfirlýstan tilgang tillögugerðarinnar.

Miðstjórn ASÍ harmar að stjórnvöld skuli hafa glapist til þess að kasta frá sér þeirri vönduðu vinnu sem starfshópur félagsmálaráðherra um samskiptareglur á vinnumarkaði hafði unnið. Stjórnvöld höfðu ekki þolinmæði til að ljúka verkinu en settu í staðinn fámennan hóp embættismanna í að hnoða saman frumvarpi sem er algjörlega óboðlegt sem texti nýrrar vinnulöggjafar og mun í mörgum tilvikum beinlínis skapa vandamál fremur en að leysa þau.

Miðstjórn ASÍ lýsir því fullkominni andstöðu við frekari þinglega meðferð framkomins frumvarps nú um breytingar á vinnulöggjöfinni og krefst þess að samningsaðilar vinnumarkaðar fái svigrúm til þess að gera frjálsa samninga um samskiptareglur sín á milli.

### *Greinargerð með ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands*

Hér á eftir fylgir nánari greinargerð með ályktun miðstjórnar ASÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Greinargerðin skiptist í fjóra hluta:

## **I. hluti: Aðdragandinn og hugmyndir ASÍ**

Hér er farið yfir aðdraganda málsins, skipun vinnuhópsins um endurskoðun samskiptareglna á vinnumarkaði og störf hans, áfangaskýrslu hópsins, frumvarp embættismanna félagsmálaráðuneytisins um breytingar á lögum 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum og viðbrögð við því, hugmyndir ASÍ um nútímalegri og lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga, gerð rammasamnings um samskiptareglur og hvernig ríkisstjórnin sleit samningaviðræðum sem í gangi voru.

## **II. hluti: Almennar athugasemdir**

Í þessum hluta er fjallað um hvernig meginstefna frumvarpsins stangast á við alþjóðlegar skuldbindingar um félagafrelsi sem Íslendingar eru aðilar að og starfsemi stéttarfélaga, um þann misskilning sem felst í fyrirhugaðri lögverndun vinnustaðafélaga, um gallana á fyrirhugaðri yfirfærslu danskra reglna um samskipti á vinnumarkaði, um ólýðræðislegar kröfur til afgreiðslu mála hjá stéttarfélögum, um gjörbreytingu á verkfallsheimildinni, um stóraukin völd sáttasemjara og um skerðingu á völdum einstaklinganna í stéttarfélögum.

## **III. hluti: Athugasemdir við einstakar greinar**

Farið er lið fyrir lið yfir greinar frumvarpsins.

## **IV. hluti: Niðurstöður**

Samandregnar meginniðurstöður miðstjórnar ASÍ eftir yfirferð yfir umrætt frumvarp.

**Greinargerð miðstjórnar Alþýðusambands Íslands  
um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938  
um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum**

**Efnisyfirlit:**

<b>I. hluti: Aðdragandinn og hugmyndir ASÍ .....</b>	<b>4</b>
Vinnuhópur um samskiptareglur á vinnumarkaði og áfangaskýrsla hans .....	5
Frumkvæði ASÍ að rammasamningi um samskiptareglur .....	6
Lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga .....	10
Ráðherra stöðvar gerð rammasamnings um bættar samskiptareglur .....	11
<b>II. hluti: Almennar athugasemdir .....</b>	<b>14</b>
Alþjóðlegar skuldbindingar um félagafrelsi og starfsemi stéttarféлага .....	14
Yfirfærsla danskra reglna .....	15
Vinnustaðafélög .....	17
Atkv.greiðslureglur um boðun vinnustöðvanna og afgreiðslu kjarasamninga ....	18
Verkfallsheimildin .....	22
Vald einstaklingsins í stéttarfélagunum .....	23
<b>III. hluti: Athugasemdir við einstakar greinar .....</b>	<b>25</b>
Um 1. gr. frumvarpsins .....	25
Um 2. gr. frumvarpsins .....	27
Um 4. gr. frumvarpsins .....	27
Um 5. gr. frumvarpsins .....	29
Um 6. gr. frumvarpsins .....	29
<b>IV. hluti: Niðurstöður .....</b>	<b>32</b>
Óásættanleg málsmeðferð .....	32
Brot á stjórnarskrá, alþjóðsasamb. og hefðum á íslenskum vinnumarkaði .....	32
Mislukkuð yfirfærsla danskra reglna .....	32
Mótsagnir milli frumvarps og markmiða .....	33
Skrumskæling á lýðræði .....	33

## I. HLUTI: AÐDRAGANDINN OG HUGMYNDIR ASÍ

Vinnulöggjöfin er sá lagarammi sem settur er um samskipti aðila á vinnumarkaði. Á grundvelli þessa ramma hafa einnig móttast hefðir og venjur um meðferð mála sem hafa ekki síður mikil áhrif á starfsemi stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda og verklag við samninga um kaup og kjör. Þar sem vinnulöggjöfin fjallar um ýmsa viðkvæma og mikilvæga þætti á borð við grundvallarréttindi launafólks, starfsemi stéttarféлага og samskipti á vinnumarkaði sem geta skipt sköpum fyrir efnahagslíf þjóðarinnar, er eðlilegt og sjálfsagt að vanda mjög til allra breytinga á þessum grundvelli og vinna þær í sátt við alla aðila. Að öðrum kosti er verið að stefna þessum mikilvæga málaflökki í tvísýnu og óvíst að markmiðum breytinganna verði náð.

Núgildandi vinnulöggjöf er að stofni til frá árinu 1938 (lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur). Löggin eru því tæplega sextíu ára gömul og hefur aldur þeirra verið notaður sem sjálfstæð rök fyrir því að nú þurfi að breyta vinnulöggjöfinni. Í því sambandi er einkum bent á þjóðfélagsbreytingar undanfarinna áratuga. Vegna þessa er rétt að taka skýrt fram að þrátt fyrir að lög séu komin til ára sinna er ekki þar með sjálfsagt að þeim þurfi að breyta. Aldurinn einn og sér er ekki nægileg rök heldur verður að færa efnisleg rök fyrir því að þörf sé á breytingum.

Þegar rætt er um vinnulöggjöfina verður til dæmis að hafa í huga að margar af þjóðfélagsbreytingum undanfarinna áratuga eru orðnar fyrir tilvernað verkalýðshreyfingarinnar og starfsemi hennar. Þá má ekki gleyma því að löggjöfin er rammí sem hefðir og verklag hefur grundvallast á og þótt ramminn sé kominn til ára sinna hafa vinnubrögð og starfshættir þróast með breyttum tímum. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei litið svo á að samskiptareglur á vinnumarkaði eigi að vera óumbreytanlegar eða að ekki megi hrófla við grundvelli þeirra. Verkalýðshreyfingin hefur raunar haft frumkvæði að viðræðum aðila á vinnumarkaði um breytingar á samskiptareglunum, t.d. með gerð rammisamnings um viðræðuáætlun og fleiri atriði. Markmiðið er að gera vinnu við gerð kjarasamninga nútímalegri og lýðræðislegri. En verkalýðshreyfingin víkur ekki frá meginviðhorfum sínum til lagasetningar um málafni vinnumarkaðarins: Að ekki séu gerðar breytingar á vinnulöggjöfinni nema þær séu til bóta og að breytingarnar séu unnar í sátt við þá aðila sem eiga að starfa eftir lögunum. Um þessar kröfur til lagasetningar ættu væntanlega flestir að geta verið sammála enda hætt við að breytingar á vinnulöggjöfinni sem ekki uppfylla þessi skilyrði væru fremur til þess fallnar að valda skaða en koma að gagni.

Þegar ákveðið var árið 1978 að breyta þeim hluta laganna nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur sem snúa að sáttastörfum í vinnudeilum fór Alþingi þá leið að taka þann hluta út og gera hann að sérstökum lögum; nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Ástæðan var sú að ekki náðist nógu víðtæk sátt um breytingar á vinnulöggjöfinni að öðru leyti og því var ekki talið réttlæt看legt að fara að hrófla við þessum mikilvæga grundvelli samskiptareglna á vinnumarkaði. Um þær breytingar sem gerðar voru ríkti friður og því náði lagabreytingin tilætluðum árangri.

## Vinnuhópur um samskiptareglur á vinnumarkaði og áfangaskýrsla hans

Í október 1994 ákvað þáverandi félagsmálaráðherra að skipa vinnuhóp til að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði. Í vinnuhópinn voru skipaðir fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytis, Vinnumálasambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands, auk fulltrúa félagsmálaráðherra, sem jafnframt var formaður vinnuhópsins.

Í ljósi þess sem að framan segir um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til samskiptareglna á vinnumarkaði, tók Alþýðusamband Íslands þátt í starfi vinnuhópsins. Enda var skipun hans í samræmi við þá mikilvægu hefð að um samskiptareglur á vinnumarkaði sé haft þríhliða samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Samkvæmt skipunarbréfi hópsins var verkefnið gífurlega viðamikið eða að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn var lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni og ef í ljós kæmi að breyta þyrfti íslenskri löggjöf var hópnum falið að setja fram tillögur um það efni. Eðli málsins samkvæmt fór mikill tími hópsins í að kynna sér samskiptareglur á vinnumarkaði í öðrum löndum. Farið var yfir mikið af gögnum um þau mál.

Í nóvember 1995, þegar vinnuhópurinn hafði haldið 34 fundi, var tekin saman áfangaskýrsla til að kynna félagsmálaráðherra hvar vinna hópsins væri á vegi stödd. Í inngangi er áréttað á hvaða grundvelli umræða hópsins fór fram. Þar segir:

*Vinnuhópurinn telur að um fleiri en eina leið sé því að velja hvað varðar fyrirkomulag samninga um kaup og kjör. Nefna má í fyrsta lagi þann kost að byggja á einstaklingsbundnum samningum launafólks við atvinnurekendur án þátttöku stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda svo sem gert er á Nýja-Sjálandi. Í öðru lagi er sú leið að stéttarfélög standi að gerð kjarasamninga fyrir hönd launafólks. Hér á landi og í nágrannalöndunum hefur verið miðað við það skipulag og það er sá grundvöllur sem gildandi löggjöf hvílir á. Vinnuhópurinn telur rétt að byggja áfram á því skipulagi. Samstaða er því um það innan vinnuhópsins að fjalla fyrst og fremst um samskiptareglur samtaka launafólks og atvinnurekenda enda telur vinnuhópurinn að vinnulöggjöf eigi að taka mið af skipulögðum samtökum.*

Í áfangaskýrslunni er stiklað á ýmsu því sem til umræðu hafði verið í hópnum án þess að um endanlegar niðurstöður eða tillögur sé að ræða, eða eins og segir orðrätt í inngangi skýrslunnar:

*Með þessari áfangaskýrslu vill vinnuhópurinn greina ráðherra frá umfjöllun hópsins og athugasemdum fram til dagsetningar þessarar áfangaskýrslu. Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir en stefnt er að því að kynna málið á vettvangi þeirra samtaka sem að málinu koma. Hópurinn telur mikilvægt að breytingar á samskiptareglum séu gerðar í sem mestri sátt.*

Í áfangaskýrslunni er farið lauslega yfir ýmsa þætti kjarasamningagerðar og kynntar hugmyndir sem ræddar höfðu verið í hópnum, svo sem um gerð viðræðuáætlunar, um miðlunartillögur og tengingarreglur, samningsumboð og aðgerðir í vinnudeilum. Í niðurlagi áfangaskýrslunnar er enn áréttað að aðeins sé um áfangaskýrslu að

ræða en ekki tillögur hópsins og að bæði eigi eftir að fara mun betur yfir fjölmörg mikilvæg atriði á vettvangi hópsins og kynna þau og ræða meðal þeirra samtaka sem aðild eiga að honum. Þar segir orðrétt:

*Hér að framan hefur vinnuhópurinn gert grein fyrir nýjum hugmyndum í sambandi við undirbúning og gerð kjarasamninga sem hann telur mikilvægt að fái sem fyrst umfjöllun í hlutadeigandi samtökum. Hópurinn hefur lagt áherslu á umfjöllun um leiðir til að gera kjaraviðræður markvissari og styttri.*

[...]

*Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf viðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag.*

Af áfangaskýrslunni má því augljóslega ráða að hún getur ekki með nokkru móti talist sú skýrsla sem vinnuhópnum var ætlað að skila af sér sem niðurstöðu samkvæmt skipunarbréfinu og því síður getur hún talist tillögur hópsins að lagabreytingum, enda gerðir ótvíræðir fyrirvarar í inngangi sem síðan eru áréttaðir sérstaklega í niðurlagsorðum.

Þetta eðli áfangaskýrslunnar, fyrirvarana sem þar eru gerðir og þá staðreynd að þeirri viðtæku kynningu innan samtaka aðila á vinnumarkaði sem var fyrirhugað var ekki lokið, verður að hafa í huga þegar lagt er mat á það umboð sem embættismenn félagsmálaráðuneytisins fengu frá vinnuhópnum þegar fulltrúar launafólks andmæltu því ekki að embættismennirnir drægju saman í tillöguformi þær hugmyndir sem hópurinn hefði þegar orðið sammála um. En þrátt fyrir öll þessi augljósu og ótvíræðu merki þess að vinnu hópsins væri hvergi nærri lokið unnu embættismenn félagsmálaráðuneytisins drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum og kynntu það aðeins nokkrum vikum eftir að ráðherra var send áfangaskýrslan, eða í janúar 1996.

Í frumvarpsdrögunum voru lagðar til viðamiklar breytingar á fjölda atriða sem sérstaklega var áréttað í áfangaskýrslunni að ætti eftir að ræða mun betur. Enda mót-mæltu samtök launafólks þessum vinnubrögðum harðlega. Þá kom einnig í ljós að um flestöll atriði frumvarpsins var mikill efnislegur ágreiningur. Bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja áréttuðu vilja sinn til þess að samskiptareglur á vinnumarkaði yrðu bættar með það að markmiði að gera vinnu við gerð kjarasamninga skilvirkari, en höfðuðu efni frumvarpsins og leið slíkrar lögbreytingunar að því marki. Megináherslan skyldi lögð á að sem viðtækust þríhliða sátt yrði um breytingar.

## **Frumkvæði ASÍ að rammisamningi um samskiptareglur**

Formenn landssambanda innan ASÍ höfðu frumkvæði að því að efna til viðræðna við samtök atvinnurekenda um bættar samskiptareglur á vinnumarkaði. Í ályktun fundar formanna landssambanda innan ASÍ var hvatt til þess að aðilar vinnumarkaðarins semdu um nauðsynlegar lagfæringar á samskiptareglunum í frjálsum samningum sín á milli. Í ályktun formannafundarins frá 9. febrúar 1996 segir:

Formenn landssambanda innan ASÍ telja nauðsynlegt að réttarstaða launafólks hér á landi verði bætt til muna. Sé litið til nálægra landa er greinilegt að ýmsir þættir, svo sem ráðningaröryggi launafólks og staða trúnaðarmanna eru mun lakari hér á landi en almennt gerist. Mikilvægt skref í þessa átt er að nú þegar verði staðfestar af íslenskum stjórnvöldum mikilvægar samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um þetta efni.

Formenn landssambanda innan ASÍ hafna alfarið þeim drögum að breytingum á vinnulöggjöf sem nú eru í vinnslu í félagsmálaráðuneytinu. Samkvæmt álitinu virtustu fræðimanna í vinnurétti fela þessi drög í sér verulega takmörkun á sjálfsögðum réttindum launafólks og stangast á við stjórnarskrána, íslensk lög og ýmsar alþjóðasamþykktir sem Íslendingar eiga aðild að.

Formenn landssambanda innan ASÍ telja að reynslan af núverandi vinnulöggjöf sé í öllum aðalatriðum góð. Því hefur verið haldið fram að breyta þurfi lögum um samskipti á vinnumarkaði og bent á margvísleg atriði í því sambandi. Formenn landssambanda innan ASÍ telja að ýmislegt megi betur fara í þessum málum. Umræðan um meint vandamál hefur hins vegar verið einhliða og að miklu leyti byggð á misskilningi. Sú skoðun að vandamál varðandi vinnulöggjöf og samskiptareglur á vinnumarkaði séu einkum tengd verkalyðshreyfingunni er röng. Skipulagsmál og vinnuáferðir innan samtaka atvinnurekenda hafa á undanförunum árum torveldað mjög farsælar lausnir í kjaradeilum á vinnumarkaði. Algert miðstýringarvald heildarsamtaka atvinnurekenda er tímaskekkja í samskiptum á vinnumarkaði nútímans og ef einhvers staðar er þörf á úrbótum er það á þessu sviði. Því má heldur ekki gleyma að heildarsamtök atvinnurekenda hafa ekki samningsumboð fyrir allan vinnumarkaðinn.

Formenn landssambanda telja að nánari og ítarlegri lagasetning um málefni vinnumarkaðar sé ekki leið til þess að bæta stöðu mála. Reynsla undanfarinna ára staðfestir að verkalyðshreyfingin hefur sýnt mikla ábyrgð og festu í störfum sínum eins og samningar síðustu ára, sem hófust með þjóðarsáttinni á árinu 1990 bera vitni. Augljóst er að ómarkviss vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og kröfugerð eiga ekki síst rætur að rekja til skipulags innan heildarsamtaka atvinnurekenda. Sú nauðsyn blasir við að samningar og ákvarðanir á vinnumarkaði þurfa að komast nær einstökum starfsgreinum og fyrirtækjum þannig að staða þeirra og möguleikar endurspeglast í umsömdum kjörum launafólks. Á almenna vinnumarkaðinum hafa samtök innan einstakra starfsgreina og einstök fyrirtæki í raun ekki samningsumboð í dag.

Formenn landssambanda innan ASÍ telja ástæðulaust að hrófla við gildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir fela í sér takmörkun á réttindum launafólks eins og samnings- og verkfallsrétti og umboði og hlutverki einstakra stéttarféлага í kjaramálum umþjóðenda sinna.

Formenn landssambanda innan ASÍ vilja að aðilar vinnumarkaðarins semji á breiðum grundvelli um samskiptareglur og vinnubrögð við gerð kjarasamninga og fleiri atriði, líkt og aðilar vinnumarkaðarins í nágrennalöndunum hafa gert til fjölda ára. Þá er einnig mikilvægt að



*stærstu samtök á vinnumarkaðinum hugi að innra skipulagi sínu og á það jafnt við um samtök atvinnurekenda og launafólks.*

*Formenn landssambanda innan ASÍ lögðu til eftirfarandi:*

*- Að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér rammisamning um gerð áætlunar þar sem kveðið verði á um hvernig standa skuli að viðræðum um gerð kjarasamninga. Landssambönd innan ASÍ færu með málið að fengnu umboði aðildarféлага sinna. Eðlilegt er að starfsgreinasamtök atvinnurekenda komi fram fyrir þeirra hönd með fullt samningsumboð.*

*- Í slíkum rammisamningi verði settar reglur um verkföll þar sem kveðið yrði á um að þau megi ekki boða fyrr en viðræðuáætlun hafi verið gerð og kjarakröfur lagðar fyrir viðsemjendum og kynntar ríkissáttasemjara.*

*Formenn landssambanda innan ASÍ munu ennfremur beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur innan samtakanna um boðun verkfalla og afgreiðslu kjarasamninga. Jafnframt er eðlilegt að samtök atvinnurekenda endurskoði reglur um hliðstæðar ákvarðanir innan sinna raða og geri þær skýrari og gegnsærri.*

Eftir þetta frumkvæði formanna landssambanda ASÍ varð samkomulag um að hefja samningaviðræður milli fulltrúa þeirra og samtaka atvinnurekenda um samskiptareglur á vinnumarkaði sem hefðu það markmið að ná rammisamningi þessara aðila.

Í viðræðunum lögðu fulltrúar landssambanda Alþýðusambandsins höfuðáherslu á að efnisinnihald samnings um samskiptareglur á vinnumarkaði yrði ásættanlegt og líklegt til árangurs og neituðu því að samþykkja fyrirfram að enn ógerður samningur yrði sjálfkrafa lögfestur. Fulltrúar ASÍ ítrekuðu að slíkur samningur yrði ekki lögfestur nema um hann ríkti víðtæk sátt og öðrum aðilum sem málið snerti yrði gefinn kostur á að kynna sér innihald samningsins.

Formenn landssambanda ASÍ lögðu fram ítarlegt tilboð um innihald hugsanlegs rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði. Þar er ítrekuð sú afstaða að samskipti aðila vinnumarkaðarins eigi að fara sem mest eftir frjálsum samningum. Í tilboði ASÍ um innihald rammisamnings er tekið á mikilvægum málum á borð við möguleika samningsaðila til að skipta samningssviði upp í einstaka hópa, umboð samninganefnda, fyrirvara um einstaka þætti kröfugerðar, gildistöku nýs kjarasamnings, gerð viðræðuáætlunar þar sem m.a. skuli tekið fram hvenær kröfur eigi að liggja fyrir, vinnustöðvanir og hvernig afla skuli heimildar til þeirra og loks skuldbindingu aðila til að setja lágmarks sviðið um starfshætti við boðun og framkvæmd vinnustöðvana og afgreiðslu kjarasamninga. Tilboðið í heild hljóðar svo:

*1. Það er grundvallarafstaða ASÍ að samskipti aðila vinnumarkaðarins eigi að fara sem mest eftir frjálsum samningum á milli aðila í stað þess að stjórnast af lögum. Í stað þess að herða meira að reglum um þessi samskipti með endurskoðun á lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur og lögunum um sáttastörf í vinnudeilum telur ASÍ eðlilegra að samtökin geri með sér rammisamning um þessi samskipti.*

*2. Gerður verði rammisamningur um samskiptareglur á milli ASÍ og VSÍ/VMS. Í slíkum samningi verði ákvarðað hvernig samskipti milli þessara samtaka skuli vera í tengslum við gerð kjarasamninga.*

*3. Það er grundvallaratriði að í slíkum rammisamningi verði áréttað að bæði samningsréttur og réttur til vinnustöðvunar liggi hjá einstökum*

stéttarfélögum og einstökum fyrirtækjum eða samtökum þeirra svo sem verið hefur.

4. Í rammamningi þarf að kveða á um möguleika einstakra aðila á því að ákvarða nánar hvernig samningssviði er skipt upp á einstaka hópa sem fara með samninga hverju sinni. Hér getur verið um að ræða heildarsamtök, landssambönd, svæðasambönd, einstök verkalýðsfélög, einstaka starfsgreinahópa innan verkalýðsfélags og starfsfólk einstaks fyrirtækis.

5. Í rammamningi komi fram hvernig umboðum samninganefnda skuli hagað. Þ.e. að það sé enginn vafi á því hvað felist í umboði einstakra samninganefnda beggja aðila eftir að það hefur verið gefið.

6. Í rammamningi verði því slegið föstu að aðilar geti afmarkað fyrirvara um einstaka þætti kröfugerðar vegna hugsanlegra breytinga á aðstæðum sem tengjast umhverfi kjarasamninga.

7. Í rammamningi verði settar reglur um að heildarsamningar taki gildi strax eftir að eldri samningur rennur út óháð því hvenær nýr samningur er gerður.

### **Viðræðuáætlun**

8a. Í rammamningi verði kveðið á um gerð viðræðuáætlunar um gerð aðalkjarasamninga. Slík viðræðuáætlun skal gerð annaðhvort af heildarsamtökum eða milli landssambanda innan ASÍ og samsvarandi gagnaðila meðal atvinnurekenda.

8b. Tímanlega áður en gildandi samningar renna út skulu aðilar koma saman og undirbúa viðræðuáætlun. Í viðræðuáætlun komi fram fyrir viðkomandi landssamband, hvernig umboðum til samninga er háttað innan landssambandsins; fyrir hvaða félög landssamband fer með samningsumboð og hvaða félög innan landssambandsins munu fara sjálf fram með sín mál. Um stöðu allra félaga innan viðkomandi landssambands og samtaka atvinnurekenda verður að vera getið í viðræðuáætlun.

9. Í viðræðuáætlun komi fram hvenær kröfur aðila skuli liggja fyrir gagnvart mótaðila, hvenær kröfur skuli kynntar sáttasemjara og hve langan tíma aðilar ætli sér sjálfir til lausnar á deilunni áður en leitað er aðstoðar sáttasemjara. Í viðræðuáætlun skal tryggð aðkoma að sérsamningum.

10. Það er hlutverk einstakra landssambanda innan ASÍ að sjá til þess að gerð verði viðræðuáætlun fyrir sitt samningssvið.

### **Vinnustöðvanir**

11. Í rammamningi skal kveðið á um hvernig afla skal heimilda til vinnustöðvunar/ hvernig boða skal vinnustöðvun. Þar komi m.a. fram að vinnustöðvanir séu óheimilar nema viðræðuáætlun hafi verið gerð, kjarakröfur kynntar gagnaðila og kjarakröfur kynntar ríkissáttasemjara.

12. Samkvæmt rammamningi eru það ákveðnar einingar (félög, starfshópar innan félaga) sem greiða atkvæði um vinnustöðvanir á viðkomandi samningssviði.

13. Í rammamningi skal kveðið á um að til þess að afla heimildar til vinnustöðvunar sé málið lagt fyrir félagsfund eða að fram fari allsherjaratkvæðagreiðsla. Einfaldur meirihluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni ræður úrslitum. Að öðru leyti veita einstök stéttarfélög

*trúnaðarmannaráði viðkomandi félags heimild til þess að ákveða nánar um meðferð heimildar til vinnustöðvunar.*

### **Lágmarksreglur**

*14. Í rammasamningi verði kveðið á um að hvor samningsaðila um sig skuldbindi sig til að setja reglur innan sinna raða þar sem lágmarksviðmið um starfshætti við boðun og framkvæmd vinnustöðvana og afgreiðslu kjarasamninga verði tryggð.*

Eins og fram kemur í hugmyndum formanna landssambanda ASÍ eru þeir tilbúnir til að framfylgja ýmsum breytingum sem geta orðið til bóta í samskiptum á vinnumarkaði og leitt til þess að hér á landi verði tekin upp nútímalegri og lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Í tillögum þeirra er tekið á atriðum sem snúa að mótun launastefnu og um leið er stefnt að því að færa kjaraákvæðanir nær starfsmönnum, fyrirtækjum og starfsgreinum.

### **Lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga**

Alþýðusamband Íslands telur að með bættum samskiptareglum á vinnumarkaði sem sátt ríki um, skapist sóknarfæri til að bæta kjör launafólks og auka aðlögunarhæfni og framleiðni íslensks atvinnulífs. ASÍ telur að slíkt sé skref í átt að því markmiði að launafólk á Íslandi búi við sambærileg kjör og best gerist meðal nágrannabjóðanna. ASÍ hefur mótað heilsteypta atvinnustefnu þar sem megináhersla er lögð á aukna verðmætasköpun með menntun og starfshjálfun sem bæði eykur aðlögunarhæfni atvinnulífsins að síbreytilegum ytri skilyrðum og skapar forsendur fyrir aukinni framleiðni og meiri gæðum.

Til að framfylgja þessari stefnu vill ASÍ afmarka og skilgreina hlutverk heildarsamtakanna, lands- og svæðasambandanna, aðildarfélaga, vinnustaða og trúnaðarmanna í samningaferlinu. Það er einungis að hægt að gera með rammasamningi um samskiptareglur á vinnumarkaði. Skýrari verkaskipting hefur tvíþætt markmið: Annars vegar að tryggja gerð heildarsamninga í samræmi við efnahagsleg markmið verkalýðshreyfingarinnar hverju sinni. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að samningar og ákvæðanir á vinnumarkaði færast nær einstökum starfsgreinum og fyrirtækjum. Með því móti getur staða starfsgreina og fyrirtækja endurspeglast í umsömdum kjörum launafólks í stað þess að fólki séu skammtaðar yfirborganir eftir geðþótta atvinnurekenda. Þetta verður að gerast með beinum samningum landssambandanna við starfsgreinasamtök atvinnurekenda. Jafnframt þurfa einstök félög, með virkri þátttöku starfsmanna og trúnaðarmanna, að fá betri aðstöðu til þess að útfæra þessa samninga í samskiptum við einstök fyrirtæki á sínu félagssvæði.

Með þessum hugmyndum vill ASÍ stuðla að nútímalegri aðferðum. Grunnhugsun þessarar aðferðafræði byggist á þeim meginforsendum að svigrúm atvinnulífsins til raunverulegra kjarabóta verður til á mismunandi stigum og að ekkert samhengi þarf að vera milli launakostnaðarbreytinga hjá fyrirtækjum og beinna launahækkana hjá starfsmönnum því aukin framleiðni getur skapað svigrúm til kjarabóta.

Við gerð kjarasamninga er hluti verkefnanna sameiginlegur. Þar er annars vegar um að ræða þann hluta svigrúmsins til kjarabóta sem byggist á heildarstærðum efnahagslífsins; hagvexti, viðskiptakjörum og verðbólgu, ásamt breytingum á tekju-skiptingunni. Hins vegar er hluti af starfskjörum launafólks sameiginlegur; lágmarksákvæði um veikinda- og orlofsrétt, lífeyrisrétt, ráðningarétt o.s.frv. Hluti verkefnanna

tengist starfsgreinum og þar verður að tryggja aðkomu bæði starfsgreinasamtaka launafólks og starfsgreina að samningsferlinu. Þetta eru atriði á borð við starfsmenntamál, rammamninga um premíu- eða afkastahvetjandi launakerfi, skipulag vinnutíma o.s.frv. Hluti verkefnanna tengist fyrirtækjum, svo sem samningar um nánari útfærslur á rammamningum um premíulaunakerfi, skipulag vinnutíma eða vaktavinnukerfa. Jafnframt þessu geta aðildarfélög í samstarfi við starfsfólk og trúnaðarmenn viðkomandi fyrirtækja beitt sér fyrir samstarfi við stjórnendur um að skapa forsendur til kjarabóta með endurskoðun á starfsháttum og skipulagi vinnunnar og aukinni framleiðni.

Því miður hafa kjarasamningaviðræður að verulegu leyti takmarkast við kjarasamninga um heildarlaunakostnaðarbreytingar án þess að landssambönd eða einstaka aðildarfélög hafi átt aðkomu að viðræðum um sín sérmál.

Vegna alls þessa hefur ASÍ lagt áherslu á að samningsaðilar á vinnumarkaði geri með sér rammamning um samskiptareglur með það að meginmarkmiði að skapa formlegt og raunverulegt svigrúm til sérkjaraviðræðna. Í slíkum samskiptareglum verður að tryggja að sérgreinasamtök atvinnurekenda og einstaka fyrirtæki fái aðkomu að gerð kjarasamninga á sínu sviði.

Mikil vinna er framundan við undirbúning þess að slíkt heildstætt samningsferli verði að veruleika. Bæði verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur verða að laga starfshætti sína að því. Verkalýðshreyfingin hefur lýst sig reiðubúna og hefur meðal annars lagt áherslu á að starfsmönnum og trúnaðarmönnum verði tryggð áhrif á stefnumótun fyrirtækja, meðal annars með því að fyrirtæki hafi viðtæka upplýsingaskyldu um afkomu og stefnu gagnvart starfsmönnum sínum.

Ljóst er að hér er um metnaðarfullar hugmyndir um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði að ræða og að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf hefur fulla þörf fyrir að þær fái framgang. Það gerist hins vegar ekki nema í samstarfi og með samningum aðila á vinnumarkaði.

## **Ráðherra stöðvar gerð rammamnings um bættar samskiptareglur**

Aðilar vinnumarkaðarins höfðu aðeins haldið örfáa viðræðufundi þegar fregnir bárust af því að félagsmálaráðherra hygðist taka fram fyrir hendurnar á þeim og leggja einhliða fram lagafrumvarp á Alþingi. Með þessum vinnubrögðum sleit ráðherra viðræðum sem í gangi voru og hafnaði hefðbundnu þríhliða samstarfi um þróun samskiptareglna á vinnumarkaði.

Sérstaka athugasemd verður að gera við vinnubrögð af þessu tagi. Frumvarp til breytinga á vinnulöggjöfinni var sett fram án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna á sama tíma og samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins voru í gangi og ráðherraskipaður vinnuhópur með aðild fulltrúa launafólks hafði hvorki skilað af sér umbeðinni lokaskýrslu né tillögum. Eins og kunnugt er var þetta viðamikla frumvarp kynnt síðdegis á þriðjudegi og tekið til fyrstu umræðu á Alþingi snemma dags næsta fimmtudag á eftir.

En það var ekki aðeins að þessi vinnubrögð vektu furðu heldur einnig efni frumvarpsins. Félagsmálaráðherra hafði látið embættismenn sína vinna frumvarp til laga um breytingar á lögnum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Samkvæmt frumvarpinu á að flytja lög nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum í breytttri mynd inn í lög um stéttarfélag og vinnudeilur og þar eru endurfluttar flestar þær hug-

myndir úr frumvarpsdrögunum frá því í janúar sem fulljóst var að efnislegur ágreiningur var um milli aðila. Hafi einhverjir staðið í þeirri trú að niðurstaða eða sátt hefði náðst um þau atriði sem lögð voru fram í frumvarpsdrögunum í janúar hefðu viðbrögðin við þeim átt að hafa eytt öllum vafa um að svo var ekki. Að auki eru í frumvarpinu til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 lagðar til afdrifaríkar breytingar á öðrum atriðum vinnulöggjafarinnar, svo sem grundvallarbreytingar á verkfallsheimildinni. Nánari grein verður gerð fyrir helstu breytingunum sem boðaðar eru í næsta hluta þessarar umsagnar. Einkennilegt er að eftir að ráðherraskipaður vinnuhópur hefur lagt mikla vinnu í að afla sem gleggstra upplýsinga um samskiptareglur á vinnumarkaði hérlendis og erlendis skuli sú vinna sniðgengin og embættismönnum falið að henda saman frumvarpi um svo viðamikil mál á nokkrum dögum.

Vinnubrögð félagsmálaráðherra og efni frumvarpsins kallaði á harkaleg viðbrögð víða að úr samfélaginu. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað samstundis að boða til fundar formanna allra aðildarféлага sambandsins. Sá fundur samþykkti eftirfarandi ályktun sem forsetar Alþýðusambandsins afhentu forsætisráðherra og félagsmálaráðherra á meðan á fyrstu umræðu um frumvarpið stóð:

*Formannafundur ASÍ, haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 22. mars 1996, fordæmir harðlega þann yfirgang ríkisstjórnarinnar sem birtist í tilraun til að þröngva fram breytingum á vinnulöggjöfinni án samráðs við verkalyðshreyfinguna.*

*Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi og hafa þar með rofið áratuga sátt um þróun samskiptareglna á vinnumarkaði. Um slík vinnubrögð verður engin þjóðarsátt.*

*Formannafundur ASÍ telur að fyrirliggjandi frumvarp sé árás á verkalyðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frumvarpinu rýra sjálfstæði stéttarféлага og minnka völd einstaklinganna í verkalyðsfélögunum, þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að. Frumvarpið byggir á vanþekkingu á málefnum íslensks vinnumarkaðar eins og marka má meðal annars af hugmyndum um vinnustaðafélög sem forsvarsmenn bæði samtaka launafólks og atvinnurekenda hafa varað við.*

*Formannafundur ASÍ krefst þess að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka, og aðilum vinnumarkaðar verði gefinn möguleiki á að semja um samskiptareglur sín á milli án hótunar um lagasetningu eins og stefnt var að áður en félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fram. Sama gildir um önnur frumvörp sem eru í meðferð Alþingis eða væntanleg þangað og fela í sér skerðingu á rétti stéttarféлага og félagsmanna þeirra.*

*Formannafundur ASÍ felur miðstjórn að fylgja málinu nánar eftir og leita samstarfs við öll önnur samtök launafólks um allsherjar aðgerðir til þess að hrinda þessari árás. [...]*

Á fjölmörgum fundum verkalyðsféлага innan ASÍ um land allt kom fram hörð andstaða við frumvarpið og sömu sögu er að segja af viðbrögðum annarra stéttarféлага í landinu. Öllum ætti að vera ljóst að um vinnubrögð af þessu tagi verður engin sátt.

Með þessu frumhlaupi hafa grið verið rofin á vinnumarkaði. Vinnulöggjöfin, sjálfur ramminn um samskiptareglur á vinnumarkaði og starfsemi jafn mikilvægra samtaka og stéttarféлага launafólks, er mikilvægari en svo að hætta megi á mistök sem geta kallað á langvinn atök. Með vinnubrögðum sínum eru stjórnvöld að hafna frum-

kvæði verkalýðshreyfingarinnar að mótun nútímalegri og lýðræðislegri starfshátta við gerð kjarasamninga. Þríhliða samstarf um friðsamlega þróun samskiptareglna er sú leið sem best hefur reynst, bæði hér á landi og erlendis og því með öllu óskiljanlegt ef stjórnvöld kjósa nú að segja því upp einhliða.

Efni frumvarpsins er skref til baka og samþykkt þess væri slys sem erfitt gæti reynst að bæta fyrir. Hér á eftir verður farið almennt yfir nokkur veigamikil atriði sem fram koma í frumvarpinu og því næst verður farið ítarlega yfir tillögurnar lið fyrir lið.

## II. HLUTI: ALMENNAR ATHUGASEMDIR

### Alþjóðlegar skuldbindingar um félagafrelsi og starfsemi stéttarféлага

Að mati Alþýðusambands Íslands eru ýmsar greinar fyrirbyggjandi frumvarps um breytingar á vinnulöggjöfnni þannig fram settar að brýtur í bága við ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi og einnig ákvæði ýmissa samþykktu og samninga sem Ísland er skuldbundið af.

Stéttarfélögin hafa veigamiklu hlutverki að gegna í lýðræðislegri uppbyggingu íslenska samfélagsins. Þessi skoðun hefur stuðning bæði af margvíslegum ákvæðum íslenskra laga og eins af ýmsum samþykktum og samningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fara eftir. Meginhlutverk þeirra ákvæða alþjóðlegra samninga sem lúta að stéttarfélögum og starfsemi þeirra er að vernda félögin gegn afskiptum ríkisvalds og atvinnurekenda. Hvarvetna hafa slík ákvæði verið talin nauðsynleg til að tryggja félögin gegn þeirri tilhneigingu ríkisvalds og atvinnurekenda að seilast til áhrifa um innri mál félaganna sem aðeins getur leitt af sér veikari verkalýðshreyfingu. Stéttarfélögin njóta því verndar bæði að landslögum og alþjóðalögum.

Samkvæmt 74. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, með áorðnum breytingum, er réttur stéttarféлага sérstaklega varinn. Í greinargerð stjórnarskrárnefndar með breytingatillögum við frumvarp til stjórnarskipunarlaga frá því í febrúar 1995 segir að stjórnsmálafélög og stéttarfélög séu einhver mikilvægustu félög í sérhverju lýðræðisríki. Þá er sammingsrétturinn sérstaklega varinn í 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétturinn til að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum er tryggður í 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, en ákvæði hans voru lögfest hér á landi með lögunum nr. 62/1994. Í 11. gr. sáttmálans er tekið fram, að réttindi þessi skuli ekki háð öðrum takmörkunum en þeim sem nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings eða slíkra mjög afmarkaðra tilvika.

Í 5. og 6. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslandi 15. janúar 1976, er rétturinn til að stofna félög og til að semja sameiginlega varinn sem mannréttindi.

Með 8. gr. Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1979 er lögð áhersla á rétt stéttarféлага til að starfa óhindrað og bann lagt við takmörkunum á þeim rétti nema í brýnum undantekningartilvikum.

Í 2. gr. ILO-samþykktar nr. 98 segir að félög atvinnurekenda og verkamanna skuli njóta nægilegrar verndar vegna afskipta hverra af öðrum, hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga.

Í 3. gr. samþykktar ILO nr. 87 um félagafrelsi segir að félög verkamanna og atvinnurekenda skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur og vera algerlega óháð í vali á fyrirsvarsmönnum sínum og við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér

stefnuskrá. Þá er beinlínis kveðið á um að opinber stjórnvöld skuli forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

Með breytingum á ákvæðum laga er snerta grundvallarréttindi stéttarfélaganna má á engan hátt hrófla við þeim réttindum sem stéttarfélagunum eru tryggð með áður nefndum samþykktum. Með hliðsjóð af þeim er það grundvallaratriði að samið sé um breytingar í frjálsum samningum stéttarfélaganna og atvinnurekenda og að því aðeins að samkomulag liggi fyrir um veigamiklar breytingar sé hægt að ganga til lagasetningar. Þessa meginreglu hafa Norðurlandabjóðirnar virt og flestar aðrar Evrópuþjóðir. Með þeim ákvæðum frumvarpsins sem taka til innri málefna, skipulags og starfsemi stéttarfélaganna er að mati ASÍ brotið gegn ofanefndum réttindum.

## Yfirfærsla danskra reglna

Eitt af upphaflegum markmiðum vinnuhópsins um samskiptareglur á vinnumarkaði var að skoða aðstæður í nálægum ríkjum og meta síðan hvort ástæða væri til þess að breyta samskiptareglum á íslenskum vinnumarkaði í átt til þess sem annars staðar gerist.

Eftir mikla gagnaöflun innan hópsins og skoðun á stöðu mála í ýmsum ríkjum var fyrst og fremst staldrað við aðstæður og samskiptareglur í Danmörku. Sú niðurstaða ætti auðvitað ekki að koma á óvart, þar sem skipulag á dönskum vinnumarkaði er um margt líkt þeim íslenska, fljótt á litið.

Sá grundvallarmunur er á aðstæðum á dönskum og íslenskum vinnumarkaði að í Danmörku hefur löggjafinn haldið sig mikið til hlés varðandi reglusetningu og þróun vinnumarkaðarinnar. Danir hafa lög um sáttasemjara til þess að fara eftir, en um öll samskipti milli aðila er kveðið á í beinum samningum þeirra í milli. Í því sambandi er byggt á áratugalöngum hefðum og venjum, en einnig rammisamningum á milli aðila. Rammisamningur á milli danska alþýðusambandsins og danska atvinnurekendasambandsins var upphaflega gerður á árinu 1899 og hefur þróast síðan í takt við þróun samfélagsins. Það er grundvallaratriði á dönskum vinnumarkaði að löggjafinn skiptir sér ekki af samskiptum á milli aðila. Ríkið útvegar sáttasemjara og um hann eru ákveðnar reglur, en að öðru leyti ákveða aðilar sjálfir hvornig þeir haga samskiptum sínum.

Að þessu leyti skýtur það mjög skökku við að afrita danskar reglur og samskiptahætti og ætla að setja um það skýr og nákvæm lög á Íslandi.

Í frumvarpinu eru mörg dæmi um yfirfærslur frá Danmörku sem líta mjög undarlega út þegar þær eru komnar inn í íslenskan lagatexta. Nokkur dæmi eru:

### *Viðræðuáætlun*

Í Danmörku eru oft gerðar viðræðuáætlanir á milli aðila, vegna þess að mönnum finnst það skynsamlegt. Lengi var í gildi samningur á milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins um skipulag kjarasamningsgerðar (køreplanen), en nú eru þessi heildarsamtök ekki lengur mitt í hringiðu kjarasamningsgerðar, í bili a.m.k. Nú eru gerðar viðræðuáætlanir á milli aðila innan samningssviða, sem yfirleitt eru ná tengd landssamböndunum innan Alþýðusambandsins. Það er þó alls ekki algilt að gerðar séu viðræðuáætlanir og til eru stór samningssvið þar sem þessi háttur tíðkast alls ekki. Þar hafa menn þó yfirleitt reglur eða venjur til þess að fara eftir.

ASÍ telur hugmyndina um viðræðuáætlun góða, en það er ekki löggjafans að ákveða í eitt skipti fyrir alla aðila að þeir skuli gera viðræðuáætlanir og nái þeir ekki samkomulagi um þær skuli sáttasemjari gera þær. Sé verið að yfirfæra danskar reglur



um viðræðuáætlanir þá er verið að fara langt frá því mynstri sem þar tíðkast. Það er lang eðlilegast að aðilar vinnumarkaðarins semji um það sín á milli, t.d. í ramma-samningi, hvernig fyrirkomulag viðræðuáætlana geti verið, hverjir eigi að gera þær, hversu víðtækar þær eigi að vera o.s.frv.

### ***Hver gerir viðræðuáætlun?***

Samkvæmt dönskum hefðum og samningum eru engar sérstakar eða nákvæmar reglur um hvenær skuli gera viðræðuáætlanir og hverjir skuli gera þær. Það fer eftir að-stæðum og samkomulagi hverju sinni. Íslensk stjórnvöld vilja hins vegar kláran laga-texta um þetta efni. Hvernig hann á að vera og til hvers hann á að leiða er ekki jafn ljóst. Í upphaflegum drögum að þessu frumvarpi var gert ráð fyrir að einungis heildar-samtök geðu viðræðuáætlanir. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að einstök stéttarfélög geri viðræðuáætlanir samkvæmt lagaboði. Af hálfu ASÍ hefur hins vegar verið lögð áhersla á að fara dönsku leiðina á þann hátt að aðilar semji sín á milli um fyrirkomulag viðræðuáætlana. Formenn landssambanda innan ASÍ hafa þannig lagt til í viðræðum sínum við VSÍ og VMS, að landssambönd innan ASÍ geri viðræðuáætlanir og séu ábyrg varðandi öll aðildarfélög sín hvað þær varðar.

### ***Að komast undan tengingu***

Af hálfu ASÍ hefur verið bent á nauðsyn þess að aðilar geti komið sér saman um að komast undan tengdri atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og vísað hefur verið til danskrar reynslu í því sambandi. Sú hugmynd að gefa kost á þessum möguleika í tengslum við viðræðuáætlun er út í hött. Um viðræðuáætlun þarf að vera samkomulag og snúist viðræðuáætlunin um þessa spurningu er augljóst að ekki verður gerð nein viðræðuáætlun. Það kemur því til kasta sáttasemjara að gera þær allar.

### ***Víðtækari heimild til miðlunar og tengingar***

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir víðtækari heimild sáttasemjara til fram-setningar miðlunartillögu og tengingar samkvæmt danskri fyrirmynd. Þetta er gert hér á landi þrátt fyrir upplýsingar frá danska vinnumálaráðuneytinu um að þessar víðtæku heimildir sáttasemjara séu í mikilli vörn í Danmörku. Dönsk stjórnvöld hafa tvisvar sinnum á síðustu árum fengið á sig ámæli frá Alþjóða vinnumálastofnuninni vegna tengdra atkvæðagreiðslna um miðlunartillögur. Ljóst er að dönsku reglurnar eiga undir högg að sækja hvað þessi atriði varðar, samtímis því sem íslensk stjórnvöld vilja setja ákveðnari og harðari lög um sömu atriði.

### ***Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu***

Í frumvarpinu eru teknar upp nýjar reglur um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu að danskri fyrirmynd. Samkvæmt upplýsingum frá danska vinnumálaráðuneytinu er ljóst að þær reglur sem gilda nú í Danmörku eru á undanhaldi. Ljóst er að nær útilokað er að fella miðlunartillögu í Danmörku og það þykir andstætt lýðræðinu. Það er einungis spurning um tíma hvenær þessum reglum verður breytt í Danmörku. Á sama tíma vilja íslensk stjórnvöld herða þessar reglur enn hér á landi.

*ASÍ telur að helsti lærdómurinn sem draga megi af reynslunni frá Danmörku sé að aðilar vinnumarkaðarins semji sín á milli um samskiptareglur eins og raunin er þar í landi.*

## Vinnustaðafélög

Svo virðist sem höfundar frumvarpsins vilji auka möguleika á kjarasamningsgerð innan einstakra fyrirtækja og að hugmyndin um vinnustaðafélög byggi á þeirri ósk. Sé þetta raunin er hér um grundvallarmisskilning að ræða. Vinnustaðafélög eru engin forsenda fyrir því að hægt sé að gera vinnustaðasamninga. Það er greinilegt á umræðunni síðustu vikunnar að margir rugla saman hugtökunum „vinnustaðasamningur“ og „vinnustaðafélag“.

Á undanförmum árum hafa aðilar innan ASÍ margítrekað krafist meiri valdreifingar við gerð kjarasamninga. Í tillögum um launamál sem unnar hafa verið upp fyrir næsta þing ASÍ í maí 1996 er þannig gert ráð fyrir samningum á ýmsum stigum: Heildarkjarasamningum á vegum ASÍ og landssambanda, starfsgreinasamningum á vegum landssambanda og einstakra stéttarféлага og samningum innan fyrirtækja á vegum stéttarféлага, trúnaðarmanna og starfsmanna fyrirtækjanna. Það sem einkum hefur staðið í vegi fyrir fyrirtækjasamningum er skipulag Vinnuveitendasambands Íslands. Með inngöngu í VSÍ fela aðildarfyrirtækin VSÍ umboð sitt til gerðar kjarasamninga. Fyrirtækin hafa því ekki sjálfstætt samningsumboð og samkvæmt lögum VSÍ eru engir samningar á vegum aðildarfyrirtækjanna gildir nema þeir hafi verið staðfestir af framkvæmdastjórn VSÍ.

Fyrir utan lagalegu vandamálin við stofnun vinnustaðafélaga sem nánar verður komið að hér á eftir liggur það í augum uppi að flest stærri fyrirtækjanna á almenna markaðinum hér á landi sem hafa 250 starfsmenn eða fleiri hafa ekkert umboð til þess að gera samning við starfsmenn sína að óbreyttum lögum og starfsháttum VSÍ. Þetta er óhögguð staðreynd óháð því hvort til eru vinnustaðafélög eða ekki. Lagasetning um vinnustaðafélög er því marklaus að óbreyttu og reyndar mun slík lagasetning brjóta gegn stjórnarskránni, mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu og ýmsum samþykktum Alþjóða vinnuálagastofnunarinnar eins og komið verður að síðar.

### *Vinnustaðasamningar eru til hér á landi*

Þrátt fyrir ýmsa tæknilega og skipulagslega annmarka, eins og getið er um hér að framan, eru til mýmörg dæmi um vinnustaða- og starfsgreinasamninga hér á landi. Þar er auðvitað hægt að nefna heildstæða kjarasamninga á borð við samningana við Álverið í Straumsvík, Jámblendiverksmiðjuna á Grundartanga, Áburðarverksmiðjuna og Sementsverksmiðjuna. Á öllum þessum stöðum hafa lengi verið gerðir fyrirtækjasamningar með ágætri samvinnu stéttarfélaganna á viðkomandi stöðum.

Þá eru einnig til fjöldamörg önnur dæmi um vinnustaða- og/eða atvinnugreinasamninga sem einstök stéttarfélög gera með hliðsjón af rammasamningum sem landssamböndin gera. Þannig hafa aðildarfélög VMSÍ gert rammasamning við samtök fiskvinnslustöðvanna um premiúlaunakerfi í frystingu og söltun ásamt vaktavinnufyrirkomulagi. Þessa rammasamninga taka stéttarfélögin og útfæra nánar gagnvart einstökum fyrirtækjum. Einnig má nefna að Rafiðnaðarsamband Íslands hefur fyrir hönd nokkurra aðildarfélaga sinna gert samning við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins vegna starfsmanna þeirra sem dreifðir eru um allt land. Nýlegt dæmi er sérstakur samningur við Slippstöðina Odda á Akureyri, þar sem mörg stéttarfélög hafa sameinast um einn samræmdan kjarasamning við þetta fyrirtæki.

Þessi dæmi sanna að verkalýðshreyfingin hefur unnið mikið starf við að leysa þann vanda sem höfundar frumvarpsins telja sig vera að taka á með sérstakri lögverndun vinnustaðafélaga. Fyrir utan það að ákvæðin um vinnustaðafélögin ganga ekki upp lagalega séð eru þau því algerlega óþörf til þess að leysa þann vanda sem þau eru sögð

eiga að leysa. Sá vandi felst fyrst og fremst í skipulagi atvinnurekendasmatakanna og því væri nær að beina úrræðum til lausna í þá átt.

## **Atkvæðagreiðslureglur um boðun vinnustöðvanna og afgreiðslu kjarasamninga**

Í frumvarpinu eru gerðar margbreytilegar og að mörgu leyti óeðlilegar kröfur um meðferð mála hjá stéttarfélögum, kröfur sem fela í sér harkalega íhlutun í innri málefni þeirra og því skýlaust brot á 3. grein 87. samþykktar ILO um frelsi stéttarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að settar verði flóknar og ítarlegar reglur um það með hvaða hætti stéttarfélög eigi að afgreiða tillögur um boðun vinnustöðvanna og afgreiðslu kjarasamninga. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að takmarka með lögum hvaða málefni samninganefndir þurfi að leggja fyrir félagsmenn með því að lögbinda ýmis mikilvæg atriði sem hingað til hefur þurft að afgreiða með beinum hætti af hálfu félagsmanna, eins og til dæmis umboð samninganefndar til að framselja samningsumboð eða ákveða sameiginlega atkvæðagreiðslu með öðrum félögum. Þetta vald hafa samninganefndir ekki haft fram til þessa heldur hafa þær þurft að leita eftir samþykki félagsmanna fyrir slíku hverju sinni.

Hvað varðar lögbindingu á reglum um það með hvaða hætti stéttarfélög afgreiða tillögur um boðun vinnustöðvunnar eða kjarasamninga virðast félagsmenn stéttarfélaga eiga að falla undir alveg sérstaka skilgreiningu á lýðræði sem er ólík þeirri sem aðrir búa við. Um afgreiðslu stéttarfélaga á sínum málum skulu skv. frumvarpinu gilda ekki færri en sjö mismunandi reglur á þremur sviðum:

### ***A: Afgreiðsla kjarasamninga:***

1. Leynileg atkvæðagreiðsla um heildarkjarasamning þar sem meirihluti ræður, en þó þurfa að lágmarki 20% af félagsmönnum að vera á móti til þess að hægt sé að fella samninginn.
2. Leynileg póstatkvæðagreiðsla án skilyrða um þátttöku, einfaldur meirihluti ræður.
3. Leynileg atkvæðagreiðsla um kjarasamning á afmörkuðu sviði þar sem meirihluta þátttakenda þarf til að fella en þó þarf minnst 1/3 af atkvæðisbærum að greiða atkvæði gegn samningi, líkt og með miðlunartillögu.

Með þessum reglum er í eitt skipti fyrir öll komið í veg fyrir afgreiðslu kjarasamninga á félagsfundum. Ljóst er að mismunandi hefðir eru hjá einstökum stéttarfélögum fyrir því hvernig kjarasamningar eru afgreiddir, sum þeirra hafa ríka hefð fyrir fjölmennum félagsfundum önnur hafa nýtt sér póstsamgöngur og viðhaft póstafrangi o.s.frv. Þessar mismunandi hefðir hafa hingað til þróast hjá stéttarfélögum vegna þess að félagsmenn þeirra hafa getað ákveðið þetta. Nú á með löggjöf að afnema þetta vald félagsmanna án tillits til þess að félagsfundir innan verkalyðshreyfingarinnar, þar sem afgreiðslur á samningum eða öflun verkfallsheimilda eru á dagskrá, eru yfirleitt langfjölmennustu fundirnir, einfaldlega vegna þess að þar eru teknar mikilvægar ákvarðanir. Með þessu ákvæði er því verið að rýra gildi félagsfunda og draga úr félagslegri virkni innan verkalyðsfélaganna með því að takmarka þau atriði sem félagsmenn geta haft mótandi áhrif á.

Samkvæmt greinargerðinni og ummælum félagsmála- og forsætisráðherra virðist meginmarkmiðið með þessum reglum vera að auka völd einstakra félagsmanna á kostnað kjörinna fulltrúa þeirra. Auðvitað ber að taka tillit til slíks ásetnings, enda hefur það verið megin krafa verkalyðshreyfingarinnar á undanförunum áratug að færa

gerð kjarasamninga nær félagsmönnum og draga úr miðstýringarvaldi samtaka atvinnurekenda, eins og tillögur formanna landssambanda innan ASÍ bera með sér. Það er hins vegar út frá almennu sjónarmiði vandséð hvernig það eykur vald félagsmanna að lögbinda ákvæði um að þeir félagsmenn sem sitja heima og taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni teljist hafa samþykkt samningin undantekningarlaust. Þótt máltækið segi að þögn sé sama og samþykki hefur engum dottið í hug að lögbinda það. Hvar ætla alþingismenn að stoppa slíka skilgreiningu? Slík lagabinding á auðvitað ekkert með lýðræði eða aukinn rétt einstaklinga að gera, heldur þvert á móti, enda brýtur þetta algerlega gegn öllum þeim lýðræðishefðum sem okkar þjóðfélag hefur hingað til byggt á. Þetta sést best á því að eftir því sem stéttarfélögin reyna að færa bæði undirbúning og endanlega ákvörðun um gerð kjarasamninga nær félagsmönnum sínum, t.d. með því að skipta félaginu upp í afmörkuð samningssvið, svarar löggjafinn því með því að gera enn meiri kröfur til afgreiðslunnar og takmarka með því áhrif félagsmannanna. Ef um heildarkjarasamning er að ræða er hægt að beita póstafrgreiðslu án fjöldatakmargana en ef gerður er kjarasamningur um afmarkað samningssvið þarf minnst 1/3 viðkomandi félagsmanna að segja nei til þess að fella samninginn enda sé það meirihluti greiddra atkvæða. Hvaða rök eru fyrir því að takmarka með þessum hætti möguleika stéttarfélaga á því að deildarskipta félaginu eftir samningssviðum til þess að auðvelda samskipti á vinnumarkaði? Halda menn að kjarasamningar snúist bara um viðræður um einhverja einfalda prósentuhækkun launa? Vita menn ekki að við gerð kjarasamninga geta báðir samningsaðilar óskað eftir breytingum á öllum hugsanlegum atriðum er snúa að þörfum bæði launafólks og fyrirtækja? Það er greinilegt að frumvarpshöfundar hafa hvorki þekkingu á né reynslu af því hversu gríðarlega flókið og viðkvæmt mál það er að gera kjarasamninga, sérstaklega þegar bæði stéttarfélög og samtök atvinnurekenda eru að eiga við mjög ólík samningssvið sem einkennast af mismunandi aðstæðum á sama tíma.

Þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherranna um að þeir vilji auka áhrif félagsmannanna er augljóst af framansögðu að megintilgangur þessara flóknu reglna er beinlínis sá að draga úr áhrifum einstakra félagsmanna og þvinga allar kjarasamningaviðræður í einn fastmótaðan farveg. Þetta markmið kemur einnig bersýnilega fram í greinargerðinni með frumvarpinu, en á blaðsíðu 21 segir:

*Stjórnarmenn og trúnaðarmenn eru kjörnir með lýðræðislegum hætti og því verður að telja að félagsmenn megi almennt treysta því að kjarasamningar, sem fulltrúar launafólks gera fyrir þess hönd, endurspegli mat þeirra á því hvað sé besta möguleg niðurstaða samningaviðræðna. Til að hnekkja þessu mati kjörinna fulltrúa félaganna hljóti því að þurfa meira en örlítinn hluta félagsmanna.*

**Verkalýðshreyfingin frábiður sér allar hugmyndir stjórnvalda um lagasetningu sem hefur það að markmiði að lögbinda einhvers konar fámennisvald í stéttarfélögum. Stéttarfélögin hafa enga þörf fyrir reglur sem miða að því að vernda forystuna fyrir félagsmönnum. Lýðræðisleg uppbygging hreyfingarinnar er þannig að allar ákvarðanir forystunnar eru teknar á grundvelli umboðs frá félögunum og ef félagsmenn eru óánægðir með framgöngu forystunnar geta þeir tekið fram fyrir hendur hennar. Þessu vill verkalýðshreyfingin ekki breyta.**

### **B: Boðun vinnustöðvunar:**

4. Almenn leynileg atkvæðagreiðsla um boðun allsherjarverkfalls, þar sem a.m.k. 20% félagsmanna verða að taka þátt og einfaldur meirihluti þátttakenda ræður.
5. Leynileg póstatkvæðagreiðsla án skilyrða um þátttöku um boðun allsherjarverkfalls, einfaldur meirihluti ræður.
6. Almenn leynileg atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls á afmörkuðu sviði, þar sem a.m.k. 50% af atkvæðisbærum verða að taka þátt og einfaldur meirihluti þátttakenda ræður.

Með þessum reglum er augljóslega verið að gera stéttarfélögum erfiðara um vik að boða verkföll frá því sem nú er og er það eitt og sér auðvitað umhugsunarefni hvers vegna ríkisstjórnin vill með svo afgerandi hætti raska styrkleikahlutföllum á milli samningsaðila á vinnumarkaði atvinnurekendum í hag. Það er augljóst að þessi íhlutun brýtur algerlega í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga um frjáls samskipti á vinnumarkaði, sbr. yfirlýsingu félagsmálaráðherra til Evrópuráðsins frá 1992. Það er einnig athyglisvert að skoða þessa tillögu í ljósi þess að samhliða henni er einnig lagt til að fallið verði frá núverandi ákvæði laganna um að félagsmenn geti veitt stjórn og trúnaðarráði heimild til þess að boða vinnustöðvun þegar og ef á þarf að halda. Þrátt fyrir að frumvarpshöfundar lýsi þeirri skoðun sinni í greinargerð að félagsmenn eigi að geta treyst mati lýðræðislega kjörinnar stjórnar og trúnaðarmannaráðs þegar kemur að afgreiðslu endanlegrar samningsniðurstöðu, ætlar löggjafinn að koma í veg fyrir að þessum sömu aðilum verði treyst til þess, að fengnu umboði félagsfundar að velja dagsetningu og fara með boðun vinnustöðvana. Í greinargerðinni eru þessar tillögur m.a. rökstuddar með því að með þessu ætlar löggjafinn að tryggja að boðun vinnustöðvunar hafi á sér þann „raunveruleikablæ“ sem nauðsynlegur er. Hjá verkalýðsfélögum á Íslandi hafa mótast skýrar hefðir fyrir meðferð verkfallsvopnsins enda er það neyðarúrræði og einungis notað sem slíkt. Þetta kemur bersýnilega fram ef horft er til þess að verkfallstiðni meðal landverkafólks innan ASÍ er einhver sú allra lægsta í gjörvallri Evrópu og því er vandséð á hvaða rökum þessi takmörkun á verkfallsréttinum er reist.

Líkt og með afgreiðslu kjarasamninga er hert á öllum kröfum um þátttöku í atkvæðagreiðslu eftir því sem ákvörðunin um fyrirhugaðar aðgerðir er færð nær félagsmönnum. Þessi tillaga afhjúpar hversu litla þekkingu og lítinn skilning frumvarpshöfundar hafa á umfangi og efni kjarasamninga hér á landi. Félagsmálaráðherra hefur þannig látið hafa það eftir sér að það eigi ekki að vera vandkvæðum bundið að kalla í það minnsta helming starfsmanna tiltekins fyrirtækis á fund til þess að greiða atkvæði um boðin vinnustöðvunar. Staðreyndin er hins vegar sú að til þess að auka áhrif einstakra félagsmanna og til þess að auðvelda lausn á tiltekinni kjaradeilu hafa bæði stéttarfélög og landssambönd í samskiptum sínum við samtök atvinnurekenda skipt kjarasamningum upp í afmörkuð samningssvið. Það er því mikill misskilningur að halda að afmarkaðir kjarasamningar snúi bara að einstaka fyrirtækjum. Þannig hafa t.d. félög innan Verkamannasambands Íslands gert sameiginlegan rammasamning um premiulaunakerfi og vaktavinnufyrirkomulag í fiskvinnslu. Þó að hér sé um að ræða kjarasamning sem í eðli sínu nær til alls landsins, nær hann einungis til afmarkaðs hluta félagsmanna viðkomandi stéttarfélaga og fellur því undir fyrrgreinda 50% þátttökureglu. Það sama á við um fjölmörg önnur samningssvið hjá VMSÍ og öðrum landssamböndum. Með lögbindingu þessara atkvæðagreiðslureglna yrði stéttar-

félögunum gert næstum ókleift að beita gagnaðila þrýstingi ef á þyrfti að halda og það vita atvinnurekendur.

Séð frá sjónarhóli einstakra stéttarféлага munu þessar reglur um boðun vinnu-  
stöðvunar ásamt reglunum um afgreiðslu kjarasamninga framkalla verulegar  
breytingar á vinnumarkaðinum. Til skamms tíma munu félögin nánast verða þvinguð  
til þess að semja um öll samningssviðin samtímis til þess að komast hjá þessum  
fjöldatakmörkunum. Afleiðingin verður sú að mun flóknara og tímafrekara verður að  
komast að endanlegri samningsniðurstöðu, þar sem takast verður á við mjög ólíkar  
kröfur og óskir einstakra samningssviða samtímis. Til lengri tíma litið mun þetta leiða  
til verulegrar fjölgunar á stéttarfélögum, sérstaklega þeim félögum sem hafa hefð fyrir  
deildaskiptingu þar sem deildirnar hafa farið með eigin samningamál. Slíkt veikir ekki  
bara verkalyðshreyfinguna, heldur eykur það líkurnar á óróleika á vinnumarkaði.

### C: Afgreiðsla miðlunartillögu:

7. Leynileg atkvæðagreiðsla þar sem meirihluta þátttakenda þarf til að fella, en þó  
þarf minnst 1/3 af atkvæðisbærum að greiða atkvæði gegn samningnum til að fella  
hann.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir verulega hertum reglum frá því sem nú er. Reglan  
er núna þannig að til að venjuleg meirihlutasjónarmið gildi þarf að lágmarki 35% þátt-  
töku og því gæti nægt að 17,6% greiði atkvæði gegn miðlunartillögu til að fella hana.  
Ef þessi þröskuldur verður færður upp í 33,3% er nánast verið að tvöfalda hæð  
þröskuldsins. Augljóst er að þessi regla er ekki aðeins ólýðræðisleg, heldur setur hún  
allar grundvallarreglur okkar lýðræðishefðar til hliðar. Ef þessi regla verður lögbundin  
mun hún kyrfilega koma í veg fyrir að félagsmenn í stéttarfélögum geti fellt miðlunar-  
tillögu, þrátt fyrir að nánast allir sem taka þátt í atkvæðagreiðslu hafni henni. Í eftirfar-  
andi töflu má sjá nokkur dæmi til þess að átta sig á því hvernig þessi regla getur  
komið út:

Fjöldi á kjörskrá:	Atkvæði greiða:	Þátttaka í atkv.gr.:	Já segja:	%	Nei segja:	%	Niðurstaðan skv. frumvarpi:
1000	663	66,3%	331	49,9	332	50,1	<b>SAMÞYKKT</b>
5000	1503	30,1	3	0,2	1500	99,8	<b>SAMÞYKKT</b>
15000	5999	40,0	1000	16,7	4999	83,3	<b>SAMÞYKKT</b>

Af þessum dæmum sést að ef tvísýnt er um úrslit í kosningum er ekki einu sinni ör-  
uggt að ríflega 66% þátttaka nægi til að fella miðlunartillögu, jafnvel þótt meirihluti  
greiði atkvæði gegn henni. Í öllum tilfellum myndi tillagan falla samkvæmt nú-  
gildandi lögum. Þannig er ekki lengur nægilegt að miðlunartillaga sé felld af  
meirihluta þeirra sem taka þátt í lýðræðislegum kosningum því með því að lögbinda  
málsháttinn um að þögn sé sama og samþykki eru atkvæði meirihluta þeirra sem lýsa  
afstöðu sinni sett til hliðar. Ekki verður hjá því komist að skoða þetta í samhengi við  
stóraukin völd sáttasemjara til að tengja hópa og félög saman í sameiginlega atkvæða-  
greiðslu um miðlunartillögu!

Félagsmálaráðherra hefur orðið tíðrætt um lýðræði og áhrif hins einstaka launa-  
manns. Í því sambandi má benda sérstaklega á dæmi nr. 2. Þar yrðu drög að samningi  
sem sáttasemjari tekur upp í miðlunartillögu og ekki einn einasti félagsmaður styður,

utan þriggja manna samninganefndar viðkomandi félags, að gildandi kjarasamningi, þrátt fyrir nánast einróma mótakvæði 1500 félagsmanna. Enda er ljóst af greinargerð með frumvarpinu að ætlunin er að gera félagsmönnum mun erfiðara fyrir en nú er að hafa áhrif á, breyta eða fella það sem gert er af stjórn stéttarfélags, samninganefnd eða sáttasemjara!

Það gefur auga leið að þessi framsetning á kröfu um lágmarksfjölda nei-atkvæða er ekki til þess fallin að auka lýðræði eða virkni félagsmanna. Sem dæmi má nefna að í Danmörku hefur heimild sáttasemjara til samtengingar félaga og hópa í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og miklar kröfur um þátttöku í henni, sætt sífellt harðnandi gagnrýni. Þar hafa allir verið sammála um að svona ákvæði um lágmarksfjölda nei-atkvæða séu fyrst og fremst til komin til þess að auka vald samninganefnda á kostnað einstakra félagsmanna, þvert á það sem hin íslenski félagsmálaráðherra telur. Þar hefur hins vegar orðið veruleg stefnubreyting á undanförunum árum á grundvelli þess að félagsmenn sjá ekki lengur ástæðu til að greiða atkvæði því þeir telji sig í raun valdlaus. Þetta leiddi til þess að nýverið náðu samningsaðilar vinnumarkaðar í Danmörku samkomulagi um að draga verulega úr þessum lágmarksfjölda nei-atkvæða með þeim rökum að nauðsynlegt væri að auka og styrkja lýðræðislega þátttöku félagsmanna í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga.

## Verkfallsheimildin

Í 4. gr. frumvarpsins er ráðgert að gjörbreyta verkfallsréttinum með breytingum á 15. gr. vinnulöggjafarinnar.

Meginbreytingarnar eru:

- Kröfur um afgreiðslu á boðun vinnustöðvunar eru hertar.
- Greiða þarf atkvæði um boðun verkfalls á tilteknum degi.
- Samninganefnd er heimilt að afboða verkfall eða fresta því um allt að 14 sólarhringa samtals með sólarhrings fyrirvara. Til frekari frestunar þarf samþykki gagnaðila!
- Eigi vinnustöðvun aðeins að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað, þá eru gerðar kröfur um helmingsþátttöku eða strangari kröfur en til boðunar verkfalls hjá heilu félagi eða sambandi!

Verði þetta að lögum er verið að taka nauðsynlegan sveigjanleika úr verkfallsheimildinni og færa meðferð verkfallsvopnsins nær þeim óskynsamlegu reglum sem gilt hafa um opinbera starfsmenn. Afleiðingar af þessum breytingum í heild verða fleiri, langvinnari og víðtækari verkföll:

- Í stað þess að félag geti með lýðræðislegum hætti samþykkt að heimila stjórn og trúnaðarmannaráði að boða verkfall verður að ákveða verkfall á ákveðnum degi. Þar með er samningaviðræðum strax stefnt í ákveðinn farveg og aukin hættu á að til verkfalla komi en almenn stéttarfélög á Íslandi hafa verið ákaflega treg til að beita verkfallsvopninu fyrr en í allra lengstu lög enda verkfallstíðni meðal þeirra lág.
- Búast má við að stéttarfélög verði ákaflega treg til að fresta eða aflýsa verkfalli eftir að hafa gengið í gegnum það ferli sem þarf til boðunar, nema afar góð samningstilboð eða samningur liggja fyrir.
- Verkfallsvopnið verður dýrara og með ferð þess ósveigjanlegri. Hætta á verkföllum er þar með aukin auk þess sem búast má við að þau standi lengur af sömu ástæðu.
- Víðtækari verkföll blasa einnig við þar sem fimmtungsþátttöku þarf til að setja heilt félag í verkfall en helmingsþátttöku til að boða takmarkaðra verkfall.

Í greinargerð með frumvarpinu segir á bls. 24:

*Í lögum um samninga opinberra starfsmanna er engin frestunarheimild og þykir það óheppilegt. Á hinn bóginn er mikilvægt að sú heimild til frestunar sé ekki svo rúm að ákvörðun um vinnustöðvun hafi ekki á sér þann raunveruleikablæ sem nauðsynlegur er.*

Vegna þeirrar vanþekkingar á samskiptum aðila á vinnumarkaði, sem hér birtist er rétt að eftirfarandi komi skýrt fram:

Í augum launafólks sem á í baráttu fyrir kjörum sínum hefur ákvörðun um verkfall ætíð haft, og mun ávallt hafa, á sér „raunveruleikablæ“. Rétt er að frumvarpshöfundar hafi í huga að þeir eru að fjalla um líf skjör fólks en ekki að dæma leikþætti. Reikna má með að í augum atvinnurekenda og eigenda fyrirtækja hafi ákvörðun um verkfall eða verkbannt ætíð á sér sams konar „raunveruleikablæ“.

Hjá verkalýðsfélögum á Íslandi hafa mótast skýrar hefðir fyrir beitingu verkfalls-vopnsins enda er það neyðarúrræði og einungis notað sem slíkt. Í þeim viðræðum milli ASÍ og samtaka atvinnurekenda um rammásamning um samskiptareglur á vinnumarkaði, sem stjórnvöld slitu með framlagningu frumvarpsins, var einnig gert ráð fyrir að verkalýðshreyfingin setti sér enn fastmótaðri reglur um notkun verkfallsréttarins.

Meginmunurinn á ríkjandi hefðum og tillögum formanna landssambanda annars vegar og frumvarpinu hins vegar er að hið fyrrnefnda felur í sér meiri sveigjanleika og er líklegra til að afstýra verkföllum en hið síðarnefnda kallar á fleiri, víðtækari og langvinnari verkföll.

## **Vald einstaklingsins í stéttarfélagunum**

Að sögn er það einhvers konar lýðræðisást sem vakir fyrir stjórnvöldum með breytingum á vinnulöggjöfnni. Strax í stjórnarsáttmálanum sást hvert stefndi, en þar segir að markmið ríkisstjórnarinnar sé:

*Að endurskoða vinnulöggjöfina með það að markmiði að stuðla að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifum einstakra félagsmanna í stéttarfélagum.*

Einn tilgangur frumvarpsins ætti því samkvæmt þessu að vera að færa vald frá stéttarfélagunum til félagsmanna sjálfra. Það liggur hins vegar ekki ljóst fyrir hvaða sérstakar ástæður liggja þarna að baki. Telur ríkisstjórnin að stjórnarmenn stéttarfélaganna taki til sín meira vald frá félagsmönnum en reyndin er í öðrum félagasamtökum, t.d. stjórnmalaflokkum, íþróttahreyfingunni, slysavarnarfélagum eða öðrum álíka samtökum? Ríkisstjórnin hefur ekki komið þessum ástæðum skýrt til skila.

Það er hins vegar algerlega ljóst að ef tilgangurinn með fyrirliggjandi frumvarpi er að auka lýðræði og færa vald til einstaklinga, þá fer því víðs fjarrí að frumvarpið hjálpi til að ná slíkum markmiðum. Hér skulu nokkur dæmi tilfærð:

### **Umboð samninganefnda**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir skýrum lagareglum um umboð samninganefnda. Eftir að samninganefnd er kosin er hún einráð um framhald máls og getur meirihluti félagsmanna í engu takmarkað umboð hennar. Samninganefnd getur undirritað samning og ákveðið sjálf að afgreiðsla hans sé tengd atkvæðagreiðslu í öðru félagi. Þannig gæti



samninganefnd lítills félags ákveðið að tengja atkvæðagreiðslu sammings við atkvæðagreiðslu í mun stærra félagi. Samningur gæti því orðið samþykktur þrátt fyrir að mikill meirihluti félagsmanna viðkomandi félags sé á móti honum. Þetta getur varla kallast að auka áhrif einstakra félagsmanna.

Samninganefnd fær auk þess heimild til þess að fresta vinnustöðvun, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að vinnustöðvun sé ákveðin eftir ströngum reglum af meirihluta félagsmanna. Meirihluti félagsmanna ræður engu um ákvörðun samninganefndar í þessu sambandi. **Þetta getur varla kallast að auka áhrif einstakra félagsmanna!**

### ***Þögn þýðir já***

Sú skrýtna túlkun á lýðræði er tekin upp í frumvarpinu að þögn þýði sama og já í atkvæðagreiðslum um miðlunartillögur. Til þess að fella þarf ákveðið hlutfall atkvæðisbærra. Þessar reglur þykja sjálfsagðar fyrir vinnumarkaðinn, en hvernig liti það út á Alþingi að fjarvera þingmanns frá atkvæðagreiðslu yrði túlkuð sem stuðningur við tillögu? Hvað hefði gerst í sambandi við atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga ef krafist hefði verið neitunar þriðjungs atkvæðisbærra til þess að fella þær tillögur sem fram voru lagðar?

Að setja reglur um að þögn þýði já kann að auka áhrif sumra félagsmanna í verkafélögum, þ.e. þeirra sem kjósa að taka ekki þátt í afgreiðslu mála. Afar hæpið er að halda því fram svo dæmi sé tekið, að þessi regla auki rétt þeirra 32% félagsmanna sem segja nei í þeirri atkvæðagreiðslu sem fær þá niðurstöðu að tillaga sé samþykkt þrátt fyrir að einungis 5% séu samþykkir. Þessi regla er skrumskæling á lýðræðinu.

### ***Mismunandi kröfur í atkvæðagreiðslum***

Mikil flóra er af atkvæðagreiðslureglum í frumvarpinu. Ein meginlínan sem þar sést er sú, að því nær sem viðkomandi mál er einstökum félagsmanni, því meiri kröfur eru gerðar til atkvæðagreiðslunnar. Þannig gildir bæði um afgreiðslu kjarasamninga og boðun vinnustöðvana að settir eru hærri þröskuldar varðandi þátttöku í atkvæðagreiðslum ef málið snertir afmörkuð svið eða einstaka hópa innan félags. Afleiðing þessa kann að verða sú að tilhneiging myndist til þess að setja sem flest mál á almennt plan þar sem kröfurnar til afgreiðslu eru minnstar. Með því færast ákvarðanirnar fjær einstökum félagsmönnum. Atkvæðagreiðslureglurnar vinna því gegn því markmiði að auka áhrif einstakra félagsmanna.

### ***Boðun verkfalla***

Svo virðist sem stjórnvöld hafi mikið að athuga við meðferð stjórna og trúnaðarmannaráða á verkfallsheimildum. Í núverandi fyrirkomulagi fer fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um veitingu verkfallsheimildar. Sé niðurstaða jákvæð fá stjórn og trúnaðarmannaráð heimild til þess að boða verkfall eftir ákveðnum reglum miðað við 7 sólarhringa fyrirvara. Oft er líka leitað afstöðu félagsfunda í sambandi við boðun verkfalls vegna þess að verkfallsvopnið er talið síðasta úrræði. Stjórn og trúnaðarmannaráð geta líka frestað verkfalli. Af einhverjum ókunnum ástæðum telja stjórnvöld þetta fyrirkomulag vera ólýðræðislegt. Möguleikar félaganna til að bregðast með eðlilegum hætti við breytingum í sammingsferlinu verða afar takmarkaðir nema þá með því að þau leggi alveg frá sér það eina vopn sem þau eiga. Ljóst er að til þess verða félögin afar treg. Ekki verður séð að þessar breytingar gangi í átt til aukins lýðræðis eða auki áhrif einstakra félagsmanna.

### III. HLUTI: ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR

#### *Um 1. gr. frumvarpsins*

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 2. gr. 1. nr. 80/1938 en greinin hljóðar svona í núgildandi lögum;

*Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.*

Skv. frumvarpinu yrði félag opið öllum sem uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykta þess. Þar með er breytt skilgreiningu á því hverjir eigi rétt til aðildar að félagi og heimild félaganna til að ákveða í samþykktum sínum hverjir geti átt aðild að þeim er þar með takmörkuð frá því sem nú er í lögnum og því má segja að tillagan feli í sér skerðingu á valdi félaganna að þessu leyti. Hér er fremur um formbreytingu en eiginlega efnisbreytingu að ræða þar sem alltaf hefur verið hægt að bera heimildir féлага til að takmarka aðild undir dómstóla. Stærsta efnislega breytingin sem af þessu gæti leitt sýnist vera sú að félögin geti fallið frá þeirri starfsgreinaskiptingu sem fram að þessu hefur verið grundvöllurinn að skipulagi almennu verkalýðshreyfingarinnar. Með þessu er að óþörfu verið að skapa hættu á átökum um einstök samningssvið sem ekki verður séð að hafi aðra þýðingu en þá að skapa úlfúð og veikja verkalýðshreyfinguna.

Eina heildarhugsunin sem sýnist falla að því að orða 1. mgr. 2. gr. vinnulöggjafarinnar með þeim hætti sem hér er lagt til er sú að með þessu sé verið að opna fyrir það að lögin um kjarasamning opinberra starfsmanna verði felld niður og ákvæðið því sett fram þannig að hæfi skipulagi opinberra starfsmanna. Vera kann að stjórnvöld hafi uppi fyrirætlanir um þetta en það hefur þó ekki komið fram opinberlega fram að þessu.

Meginbreytingin á 2. gr. sem lögð er til í frumvarpinu er sú að í lögin komi heimild til stofnunar stéttarfélaga starfsmanna fyrirtækis þar sem starfa að jafnaði 250 starfsmenn, enda óski 3/4 þeirra eftir því að gerast félagsmenn. Síðan er sagt; „Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn.“

Í raun vekur þetta ákvæði fleiri spurningar en það svarar. Í fyrsta lagi er ljóst að telji frumvarpshöfundar að með þessu sé opnuð ný leið fyrir starfsmenn sem feli í sér verulega breytingu á möguleikum þeirra til að skipuleggja sig, þá er það mis-skilningur. Að núgildandi lögum er ekkert sem hefur komið í veg fyrir stofnun slíkra vinnustaðafélaga. Það eina sem að formi til hefur þurft að gæta að er að skilgreina slíkt félag þannig að nafninu til að það taki til alls sveitarfélagsins. Að öðru leyti eru það fyrst og fremst umsamin forgangsréttarákvæði annarra félaga og áhugaleysi starfsmanna sjálfra um stofnun slíkra félaga sem hafa komið í veg fyrir að starfsmannafélög yrðu til.

Í öðru lagi vaknar sú spurning hvað átt sé við með niðurlagi ákvæðisins: „Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn“. Hugsunin með þessu virðist sú að höggva á umsamin forgangsrétt þeirra félaga sem nú fara með viðkomandi samningsvið.

Í þessu felst fyrirætlan sem greinilega fer í bága við Íslensk lög og alþjóðlega samninga sem Ísland er skuldbundið af.

Með þessu er sköpuð sú hættta að í einstökum tilvikum geti starfsmenn sem ekki vilja taka þátt í stofnun vinnustaðafélags orðið að sæta því að eigi að síður verði slíkt félag til og taki við samningsumboði fyrir þeirra hönd. Bersýnilegt er að félagafrelsi viðkomandi einstaklinga er með þessu afar lítils metið.

Sem dæmi mætti taka að í áliðjuverinu í Straumsvík yrði stofnað vinnustaðafélag. Ef starfsmenn eru um 600, þurfa 450 samkvæmt frumvarpinu að vilja taka þátt í stofnun hins nýja félags ef af því á að verða. Setjum sem svo að 150 vilji ekki vera með og að svo vilji til að þar sé um að ræða félagsmenn Verkakvinnafélagsins Framtíðarinnar. Það sem gerist er það að nýja félagið er stofnað og tekur um leið við samningsumboði fyrir alla starfsmenn, einnig þá sem ekki vildu vera með. Þeir sem ekki vildu vera með yrðu að sönnu ekki neyddir til að vera félagsmenn hins nýja félags en eigi að síður yrði það félag eitt bætt til að fara með samningsumboð fyrir þeirra hönd. Umsaminn, frjáls og fullkomlega lögmætur forgangsréttur Framtíðarinnar yrði afnuminn á grundvelli lögverndunar hins nýja vinnustaðafélags og félagsmenn Framtíðarinnar sviptir valdi sínu til að ákveða hvaða félag færi með þeirra mál. Félagafrelsi Framtíðarkvanna yrði þar með af þeim tekið.

Augljóst er að ef ákvæði frumvarpsins um vinnustaðafélög verður að lögum, þá er með því brotið gegn 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt fælist í þessu brot gegn 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Þá færi slíkt ákvæði í bága við 5. og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 15. janúar 1976. Í samþykkt þessarar tillögu frumvarpsins fælist einnig brot á 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem fullgiltur var hér á landi 22. ágúst 1979.

Ákvæðið um vinnustaðafélög stríðir einnig gegn samþykktum ILO nr. 98 og nr. 87 um frelsi stéttarféлага.

Þá er það svo samkvæmt túlkun sérfræðinganeftar ILO á samþykktum stofnunarinnar að reglur sem áskilja lágmarksfjölda féлага til að stofna stéttarfélag og til að ganga í stéttarfélagasamband eru andstæðar samþykkt nr. 87 ef hættta er á því að með því sé einstökum stéttarfélagum eða félagasamböndum tryggður einkaréttur eða einokunaraðstaða. Hugmyndir frumvarpshöfunda um vinnustaðafélög eru skrifaðar eins og æfing í því hvernig hægt er í stuttu máli að brjóta gegn sem flestum ákvæðum um félagafrelsi sem þjóðin hefur skuldbundið sig til að fara eftir.

Hugmyndin um vinnustaðafélög í þeirri mynd sem hún birtist í frumvarpinu er lögfræðilegt klúður. Að auki er það svo að verkalyðshreyfingin er fyrir löngu búin að finna leiðir til að ná þeim markmiðum sem frumvarpshöfundar halda að verði náð með vinnustaðafélögum. Svo enn sé haldið við dæmið um Ísal þá hefur með samningum þar sem 11 verkalyðsfélög koma við sögu, þegar verið tryggt að aðkoma að samningum og beiting verkfallsréttar eru í sameiginlegum farvegi. Sá vinnustaðasamningur sem þar er í gildi leysir í raun úr öllum þeim álitaeftum sem frumvarpshöfundar telja að verði leyst með vinnustaðafélögum. Þetta gerist með frjálsum samningum og án þess að réttur eins eða neins til félagsaðildar sé brotinn. Þá felst í þeirri leið sem þar var farin að sjálfsákvörðunarréttur félaganna stendur óhagggaður eftir. Enga lagasetningu þurfti til að ná þeim markmiðum sem náðst hafa í Straumsvík, aðeins frjálsa samninga.

## ***Um 2. gr. frumvarpsins***

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við 5. gr. nógildandi laga bætist þrjár málsgreinar. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að með lögum verði nákvæmlega kveðið á um það hvert sé umboð samninganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila. Í þessu felst að stéttarfélögin geta ekki svo sem nú er, takmarkað umboð samninganefnda og því felur tillagan að þessu leyti í sér skerðingu á valdi félaganna. Tillagan er gróf íhlutun í innri málefni stéttarféлага.

Í umboði samninganefnda samkvæmt frumvarpinu felst vald til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í viðræðum og undirrita fyrir hönd viðkomandi félags.

Þá er í frumvarpinu fyrirætlan um heimild samninganefnda til að framselja umboð sitt til samningagerðar og heimild samninganefndar til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu með öðrum félögum. Þetta vald hafa samninganefndir ekki haft fram að þessu heldur hefur orðið að fá samþykkt hjá hverju félagi fyrir sig til að fara í sameiginlega atkvæðagreiðslu. Hugmyndir frumvarpsins um þetta eru í raun afskipti af þeim leikreglum sem félögin sjálf hafa lögvarinn rétt til að setja sér. Framsetning slíkra hugmynda undir því yfirskini að verið sé að setja samskiptareglur á vinnumarkaði er í raun fölsun. Reglur þessar varða ekki samskipti á vinnumarkaði. Með reglunum væru starfshættir stéttarféлага lögákveðnir með þeim hætti sem fram að þessu hefur einvörðungu verið gert varðandi félög sem skylduaðild er að, til dæmis veiðifélög eða félagaform sem ætlað er að skapa tiltekna réttarstöðu, til dæmis hlutafélög. Enginn vafi er á því að með þessu væri brotið gegn samþykkt ILO nr. 87, 3. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 5. gr. verði lögfestar reglur um það með hverjum hætti samningsaðilar afgreiða kjarasamninga. Um þetta er sama að segja og hér að framan; í hugmyndunum felst tilraun til að lögbinda starfshætti stéttarféлага svo að beinlínis fer í bága við samþykkt Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar um frelsi stéttarféлага.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að fram verði tekið að aðilum sé skylt að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða samninga. Þetta felur í sér mjög óverulega breytingu frá gildandi rétti en kann þó að leggja eitthvað auknar skyldur á herðar félögunum til stuðla með virkum hætti að því að koma í veg fyrir samningsbrot.

Bollaleggingar frumvarphöfunda í greinargerð um þetta atriði eiga sér enga stoð í lagatextanum sjálfum og eru raunar svo afdráttarlausar um skyldu samningsaðila til virkra aðgerða til að koma í veg fyrir samningsbrot að ekki fær staðist samkvæmt almennum lagasjónarmiðum. Vafamál er að slík athafnaskylda verði almennt lögð á með lögum og að minnsta kosti er vafalaust að ef slíkt ætti að standast þyrfti að kveða skýrt á um hvað í slíkri skyldu fælist í lögum. Athafnaskylda verður ekki á lögð með bollaleggingum í greinargerðum.

## ***Um 4. gr. frumvarpsins***

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á nógildandi 15. gr. l. nr. 80/1938 en sú grein fjallar um það hvernig staðið skuli að ákvörðun um að hefja vinnustöðvun. Almenn er sama um þetta að segja og afgreiðslu kjarasamninga hér að framan; í hugmyndunum felst tilraun til að lögbinda starfshætti stéttarféлага svo að fer í bága við samþykkt ILO um frelsi stéttarféлага.

Ákvörðun skal skv. frumvarpinu taka af meirihluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem minnst fimmtungur félagsmanna tekur þátt. Gert er ráð fyrir að unnt verði að viðhafa póstkosningu sem þá myndi leiða til þess að lágmarkspátttökureglan um fimmtung atkvæðisbærra ætti ekki við, aðeins einfaldur meirihluti.

Taki fyrirhuguð vinnustöðvun aðeins til hluta félagsmanna er gert ráð fyrir heimild til að þeir einir greiði atkvæði, en þá verður skilyrði lögmætrar ákvörðunar að lágmark helmingur viðkomandi félagsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu.

Með þessu er sú óskiljanlega regla sett að auðveldara verður að boða til verkfalls ef því er ætlað að taka til stærri hópa fremur en minni. Ekki verður séð hvernig þessi regla á að koma heim og saman við það, sem þó hefur verið yfirlýst tilætlun frumvarpshöfunda, að draga úr fjölda tapaðra vinnudaga vegna verkfalla.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að sett verði ýmis ný skilyrði um lögmæti vinnustöðvunar sem sum hver virðast fyrst og fremst vera til þess fallin að skapa aukinn vafa um lögmæti verkfallsboðunar. Dæmi um þetta er eftirfarandi.

Í 16. gr. vinnulöggjafarinnar sem ekki er gert ráð fyrir að verði breytt er að finna ákvæði sem skyldar samningsaðila til að tilkynna þeim sem vinnustöðvun beinist að um slíka vinnustöðvun. Dómafordæmi sýna að sé þessu skilyrði ekki fullnægt getur það varðað ólögmæti vinnustöðvunar. Þess hefur ekki orðið vart að núgildandi laga- staða leiði til einhverrar verulegrar eða þungbærrar óvissu um það til hverra verkfall skuli ná. Greinin er svona:

*Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.*

Verði 15. gr. vinnulöggjafarinnar breytt í þá veru sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður tillaga um vinnustöðvun **að taka skýrt fram** til hverra henni er ætlað að taka. Augljóst er að endalaust er hægt að deila um hvenær tillaga um verkfall er þannig úr garði gerð að fullnægi þessum áskilnaði. Bersýnlegt er að hér er stofnað til endalausra deilna um þetta atriði. Á sumum samningssviðum verður aðstaða tillögumanna sem vilja leggja til verkfall nánast vonlaus að þessu leyti. Atvinnurekendur koma og fara. Atvinnurekendur koma fram undir nýjum nöfnum eða kennitölum svo sem plagsiður er hér á landi og slíkum breytingum er afar erfitt að fylgjast með frá degi til dags.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að settar verði nýjar reglur sem gjörbreyta í raun eðli verkfallsheimilda almennu stéttarfélaganna. Í niðurlagsákvæði er lagt til að samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila (t.d. trúnaðarmannaráðum) sé jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun og mega einnig fresta slíkri vinnustöðvun einu sinni eða oftari um allt að 14 sólarhringa samtals með minnst sólarhrings fyrirvara. Slíkar frestanir mættu vara lengur en 14 sólarhringa að fengnu samþykki gagnaðila. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að verkalýðsfélögin semji um það við atvinnurekendasamböndin ef ætlunin er að fresta verkfalli lengur en 14 sólarhringa. Tillagan lýsir því líku þekkingarleysi á eðli samskipta á vinnumarkaði að undrun sætir. Um slíkt munu verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningur sé í burðarliðnum og við núverandi aðstæður er verkfalli ævinlega frestað ef svo stendur á. Með þessu eru félögin einfaldlega neydd til að beita verkfalls- vopninu fyrr en annars hefði hugsanlega orðið.

Verði þessar reglur að lögum má gera ráð fyrir að veruleg hætta sé á því að allar viðræður sem eiga sér stað eftir að til verkfalls hefur verið boðað verði afar erfiðar. Gera má ráð fyrir að félögin verði afar treg til að fresta eða aflýsa verkfalli nema samningur liggi fyrir og með þessu er sköpuð hætta á langvinnari verkföllum en almennt hafa orðið á undanförunum árum. Forráðamenn verkalýðsfélags sem fengið hafa afgreidda tillögu um verkfall, hugsanlega með miklum meirihluta, verða settir í nánast

vonlausa stöðu til að koma í veg fyrir að til verkfalls komi. Með þessu er reglum á almennum vinnumarkaði ýtt í átt til þeirra skelfilega heimskulegu reglna sem gilt hafa um opinbera starfsmenn og sem leitt hafa til margra af þeim lengstu og erfiðustu verkföllum sem gerð hafa verið hérlendis á undanförunum áratugum.

#### *Um 5. gr. frumvarpsins*

Í frumvarpinu er lagt til að í lögin bætist ný grein, 19. gr., þar sem lögfestur verði skilningur sem þegar er viðurkenndur í réttarframkvæmd um aðgerðir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að ná sameiginlegu markmiði og fela í sér niðurlagningu starfa. Á slíkar aðgerðir er litið sem verkföll. Að því leyti sem ekki hefur verið talið sannað að fjöldauppsagnir hafi verið að undirlagi félaga hafa slíkar uppsagnir ekki verið taldar verkföll fram að þessu en með orðalagi greinarinnar virðast vera uppi áform um að breyta þessum skilningi. Sé ætlunin sú að að breyta skilningnum þannig að ekki þurfi að koma til sönnunar á aðild félags að fjöldauppsögnum til að á þær verði litið sem verkföll, er slíkt ólöglegt. Slíkt fæli í sér að heimild manns til að ráða því hvar hann starfar væri af honum tekin. Slíkt stenst ekki að íslenskum lögum eða mannréttindaákvæðum þeirra mannréttindasáttmála sem Íslendingar eiga aðild að.

#### *Um 6. gr. frumvarpsins*

##### *d-liður*

Í 23.gr. 1. nr.80/1938 kæmi nýtt ákvæði um viðræðuáætlun þar sem gert er ráð fyrir að skyldan til að gera viðræðuáætlun sé lögð á einstök stéttarfélög sem þó geta falið landssamböndum eða heildarsamtökum gerð slíkra áætlana fyrir sína hönd. Viðræðuáætlun skal liggja fyrir í síðasta lagi 10 vikum áður en samningar verða lausir og ef það gerist ekki skal sáttasemjari í síðasta lagi 8 vikum áður en samningar verða lausir gefa út slíka áætlun sem þá taki mið af þegar fram komnum áætlunum. Í ákvæðinu er enga leiðbeiningu að finna um það hvert skuli vera efni viðræðuáætlana. Almennt má segja um hugmyndina um viðræðuáætlun í því formi sem hún kemur fram í frumvarpinu að mjög fáar tilraunir virðast gerðar til að ljá efni og gerð viðræðuáætlana lögfylgjur. Þó blasir við að það er virk aðferð til að tryggja fylgni við viðræðuáætlun og skapa gerð kjarasamninga fastari ramma. Hættan sem skapast við það að reyna að lögbinda viðræðuáætlun áður en slíkt úrræði hefur mótast og náð fótfestu í samningum aðila vinnumarkaðarins er sú, að úrræðið verði fyrst og fremst formleg skylda sem menn verði að uppfylla og muni uppfylla án þess að ljá slíkum áætlunum það efnislega innihald sem er forsenda þess að raunverulegt gagn sé af gerð slíkra vinnuskjala.

##### *i-liður*

Í 28.gr. 1. nr.80/1938 kæmi efnislega nýtt ákvæði sem þó er að hluta sambærilegt við það sem nú er að finna í 3. mgr. 9. gr. 1. nr. 33/1978. Samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd felur í sér verulega útvíkkun tengingarreglu og gríðarlega aukin völd ríkissáttasemjara frá því sem er í núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Þau skilyrði sem ríkissáttasemjara eru sett um beitingu reglunnar (staflíðir a-e) eru nánast gagnslaus frá sjónarhóli þess sem vill takmarka þetta vald.

Í a. lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram fyrir en viðræður hafi átt sér stað þar á meðal um sérsmål eða árangurslaust hafi verið leitað eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun. Breyting frá drögunum að frumvarpi um breytingar á lögunum um sáttastörf í vinnudeilum frá í janúar er einkum sú að hér er gert ráð fyrir viðræðum um sérsmål. Meginfalli skilyrðisins er hins vegar sá sami og var á drögunum

frá í janúar, þ.e. að með þessu er engin trygging fengin fyrir því að viðræður séu ekki aðeins til málamynda.

Í b. lið er kveðið á um að tíma sem ætlaður var til viðræðna án milligöngu sáttasemjara skv. viðræðuáætlun sé lokið, án þess að samningar hafi tekist. Þetta skilyrði er algjörlega sjálfsagt og felur ekki í sér neina tryggingu fyrir alvöru viðræðum.

Í c. lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram nema ríkissáttasemjari telji að undangengnum sáttatilaunum að ekki séu horfur á samkomulagi milli aðila. Hér er skilyrði sem er háð nánast algjörlega frjálsum mati sáttasemjara.

Í d. lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram fyrr en samningar hafa verið lausir um tíma þannig að aðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar. Hér er annað skilyrði sem er háð frjálsum mati sáttasemjara.

Í e. lið er að finna ákvæði sem ekki var að finna í drögunum frá í janúar um að aðilum verði að hafa gefist kostur á koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu. Í sjálfu sér er góðra gjalda vert að lögfesta samráð milli aðila en í raun er þetta aðeins formregla sem sáttasemjari getur í sjálfu sér meðhöndlað sem slíka án þess að ætla slíku samráði að hafa efnislega þýðingu.

Í 2. mgr. 28. gr. yrði kveðið á um það að sameiginlegt atkvæðamagn allra þeirra sem sameiginleg miðlunartillaga tekur til ráði úrslitum um samþykkt eða synjun. Efnisleg breyting á drögunum frá í janúar er sú að beint bann er lagt við því í þessu frumvarpi að tengja með sameiginlegri miðlunartillögu samningsaðila á almennum vinnumarkaði og svo þá sem lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til.

Þessi breyting á janúardrögunum vekur sérstaka athygli, enda verður ekki séð hvers vegna draga á skýr skil þarna á milli, ef á annað borð er miðað við tilætlun frumvarps-höfundu sjálfra.

Með samþykkt frumvarpsins væru heimildir sáttasemjara til að tengja hópa saman við atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu verulega útvíkkaðar.

Í núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum (33/1978) segir í 9. grein:

*Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra.*

Meginbreytingin á þessari heimild sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins er að í stað þessarar takmörkunar við tengingu milli hópa sem eiga í kjaradeilu segi:

*Sáttasemjara er heimilt að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga eða setja fram miðlunartillögu sem tekur aðeins til tiltekinna samningssviða, félagsdeilda eða fyrirtækja sem svo er ástatt um. Sú heimild er óháð aðild að félögum, samböndum eða samtökum atvinnurekenda og launafólks.*

Í greininni kemur einnig fram að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum. Í heild má segja að með þessu séu völd sáttasemjara aukin stórkostlega frá því sem nú er og má benda á eftirfarandi atriði í því sambandi:

Félag sem hefur lausa samninga er hægt að frjálstri vild að tengja við fjölda annarra hópa sem ekki eiga einu sinni í kjaradeilu og ræður þá sameiginlegt atkvæðamagn allra á þessari nýju kjörskrá úrslitum um samþykkt eða synjun á miðlunartillögunni. Í þessu felst gífurlegt vald og þegar þetta er skoðað í samhengi við þá kröfu að fullur

þriðjungur allra á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn miðlunartillögu til að fella hana sést hvað hér gæti verið í uppsiglingu – algert áhrifaleysi stórra hópa launafólks um sín mál.

**Dæmi:** Fiskverkafólk innan VMSÍ á í kjaradeilu sem öðrum þræði snýst um ráðningarrétt og atvinnuöryggi. Sáttasemjari getur ákveðið að höggva á þann hnút án þess að leysa í reynd málin með því að setja fram miðlunartillögu og tengja fiskverkafólkið við hópa sem ekki eiga í kjaradeilu, t.d. verslunar- og skrifstofufólk, atvinnuflugmenn, flugvirkja, járníðnaðarmenn og starfsfólk á veitingahúsum. Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum.

Í frumvarpinu er tekin upp sú danska regla að samningsaðilar geti með samningum takmarkað möguleika sáttasemjara til að tengja saman hópa við afgreiðslu miðlunartillagna. En gert er ráð fyrir að þær takmarkanir verði settar inn í viðræðuáætlun. Verði af því er einfaldlega búið að eyðileggja hugmyndina um viðræðuáætlun enda er viðræðuáætlun síðasti staðurinn þar sem þetta á heima. Hætt er við að þetta verði talið langmikilvægasta atriðið sem þar er hægt að semja um. Í stað þess að ganga frá áætlun um gang viðræðna fara fram harðar samningaviðræður um takmörkun á tengingarreglu. Afleiðingin gæti orðið sú að sáttasemjari gæfi einn út flest allar viðræðuáætlanir því gert er ráð fyrir að hann gefi út áætlun, hafi aðilar ekki komið sér saman um hana innan tilskilins frests.

Eðlilegast er að takmarkanir á heimildum sáttasemjara til tengingar séu settar inn í rammasamning á borð við þann sem formenn landssambanda ASÍ voru að semja um við atvinnurekendur þegar félagsmálaráðherra sleit þeirri vinnu með framlagningu umrædds frumvarps.

#### *l-liður*

Í 31.gr. l. nr.80/1938 kæmi að formi til það sem nú er að finna í 12. gr. l. nr. 33/1978 en með allt öðru efnislegu innihaldi. Hér er á ferðinni það sama og kom fram í drögunum frá í janúar um það að til að fella miðlunartillögu þurfa 33,3% atkvæðisbærra að greiða atkvæði gegn henni og að sjálfsgöðu meirihluta þeirra sem þátt taka.

Með þessari tillögu er efnt til þess að tvöfalda þann þröskuld sem er að finna í núgildandi lögum. Reglan er nú þannig að til að venjuleg meirihlutasjónarmið gildi þarf að lágmarki 35% þátttöku. Til einföldunar má segja að samkvæmt reglunni eins og hún er núna nægi 17,6% mótatkvæði til að fella miðlunartillögu. Augljóst er að með því að færa þennan þröskuld upp í 33,3% er nánast verið að tvöfalda hæð hans. Sýnt hefur verið fram á að þó að þátttaka fari nær 70% í atkvæðagreiðslu þar sem meirihluti er á móti tillögu getur eigi að síður farið svo að tillaga nái fram að ganga. Augljóst er að við slíkar aðstæður væru grundvallarsjónarmið þeirrar lýðræðishefðar sem við höfum búið við sett til hliðar. Reglan er því í eðli sínu ólýðræðisleg og felur nánast í sér að valdið til að fella miðlunartillögu er tekið af fólkinu í stéttarfélagunum.

Framsetning reglunnar í þeirri mynd sem er að finna í frumvarpinu er auk þess ekki heiðarleg. Þar er ekki að finna neina orðun á því hversu háan þátttökuþröskuld er verið að setja. Samt sem áður blasir við að sá þröskuldur getur við ákveðin skilyrði nálgast það að vera 70%. Reglan í þessu formi er algjörlega óásættanleg fyrir verkalyðshreyfinguna. Ekki hefur verið sýnt fram á að nein sérstök þörf sé á að hækka þann þröskuld sem er að finna í núgildandi lögum enda hefur verið tiltölulega óalgengt að miðlunartillögur hafi verið felldar. Sé valdi sáttasemjara til að setja fram miðlunartillögur beitt með hófsömum og eðlilegum hætti er auk þess morgunljóst að þannig yrði það áfram þó að ekki verði gerðar breytingar á núgildandi lögum að þessu leyti.



## IV. HLUTI: NIÐURSTÖÐUR

Miðstjórn ASÍ telur öll rök hníga í þá átt að fyrirbyggjandi frumvarp verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til að semja um samskiptareglur sín á milli án íhlotunar löggjafans.

### Óásættanleg málsmeðferð

Það er ljóst að gengið yrði mjög á rétt og starfsemi stéttarfélaganna með samþykki frumvarpsins. ASÍ gekkst upphaflega inn á að taka þátt í starfi um skoðun á samskiptareglum á vinnumarkaði á forsendum sem fyrst og fremst snúa að samskiptum á milli aðila í þeim tilgangi að auðvelda gerð kjarasamninga. Á þeim tíma sem áfangaskýrsla starfshópsins varð til var heldur ekki annað séð en að starfið stefndi í þá átt. Má í þessu sambandi vísa til lokaorða áfangaskýrslunnar þar sem getið er um öll þau atriði sem lítið eða ekki höfðu verið rædd í starfshópnum. Nú ber hins vegar svo við að þessi lítið ræddu og óræddu atriði eru uppistaðan í frumvarpi félagsmálaráðherra. Því hefur síðan verið haldið fram að allt málið hafi verið unnið í samráði við ASÍ og ítrekað bent á að 48 fundir hafi verið haldnir í starfshópnum. Málsmeðferð af þessu tagi er ekki hægt að sætta sig við. Hér er um algeran yfirgang stjórnvalda að ræða og stórkostlega íhlotun í innri málefni stéttarfélaganna. Miðstjórn krefst þess að stjórnvöld láti af afskiptum sínum af innri málefnum stéttarfélaganna og aðilar vinnumarkaðarins fái tækifæri til þess að gera með sér rammasamning um málið.

### Brot á stjórnarskrá, alþjóðasamþykktum og hefðum á íslenskum vinnumarkaði

Augljóst er að efni frumvarpsins stangast í veigamiklum atriðum á við stjórnarskrána og ýmsar alþjóðasamþykktir sem við Íslendingar erum bundnir af. Svo virðist sem höfundar frumvarpsins hafi hvorki næga þekkingu á lögum og reglum um vinnumarkaðinn né þeim reglum, venjum og viðhorfum sem þar hafa tíðkast um áratugi. Samþykkt þessa frumvarps myndi vafalaust valda mikilli óvissu um ýmis veigamikil atriði eins og t.d. boðun vinnustöðvanna. Þá myndi samþykkt frumvarpsins vafalítið leiða til aukins óróleika vegna þess að margir aðilar málsins yrðu mjög ósáttir við að starfa undir þeim reglum sem frumvarpið kveður á um. Því er hætt við að á næstu misserum muni deilur á milli aðila vinnumarkaðarins snúast fullt eins mikið um formreglur og um efnislegt innihald þeirra kjaradeilna sem uppi verða á hverjum tíma. Í ljósi þessa telur miðstjórn að eðlilegri farvegur fyrir málið sé að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur geri sjálfir með sér rammasamning um samskiptareglur sín á milli.

### Mislukkuð yfirfærsla danskra reglna

Fyrirmynd ýmissa efnisatriða frumvarpsins kemur greinilega frá Danmörku. Yfirfærsla reglnanna hefur hins vegar misheppnast gersamlega vegna þess að í fyrirmyndinni er byggt næstum alfarið á frjálsum samskiptum aðila vinnumarkaðarins án lagabvingunar. Með þessu frumvarpi er hins vegar stefnt að nákvæmri löggjöf um atriði sem þróast hafa í áratuga samkomulagi milli aðila á danska vinnumarkaðinum. Yfirfærsla af þessu tagi gengur alls ekki upp. Miðstjórn telur því eðlilegt að danska

yfirfærslan verði fullkomnuð með því að aðilar vinnumarkaðar hér á landi fái að njóta sama frjálsræðis og Danir og fái að gera með sér rammisamning um samskipti sín á milli.

## Mótsagnir á milli frumvarps og markmiða

Þrátt fyrir að miðstjórn sé andstæð fyrirbyggjandi frumvarpi hlýtur hún að benda á að alvarlegar mótsagnir eru á milli ýmissa efnisatriða þess og þeirra markmiða sem frumvarpshöfundar segjast stefna að. Miðstjórn telur augljóst að vanda hefði átt betur til frumvarpsins, en telur einnig að þessar mótsagnir séu helstu rökin fyrir því hve hæpið sé að setja nákvæma löggjöf um þetta efni og að engir séu betur færir um að setja reglur um þessi mál en aðilar sjálfir.

Sem dæmi um þessar mótsagnir má nefna ákvæði um aðgreindar atkvæðagreiðslur á opinbera og almenna vinnumarkaðinum. Augljóst er að með frumvarpinu er verið að vinna að því markmiði að skapa samtíma heildarlausn í kjaramálum á vinnumarkaðinum. Með aðgreiningu atkvæðagreiðslna hljóta menn að færast frá því markmiði.

Annað dæmi um mótsögn er að setja ákvæði um möguleika á því að komast undan tengingu inn í samninga um viðræðuáætlun. Að flestra mati eru hugmyndir um viðræðuáætlanir góðra gjalda verðar. En með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu virðist augljóst að ekki muni nást sátt um viðræðuáætlanir og því mun koma til kasta sáttasemjara að gera þær. Með þessu er verið að drepa góðar hugmyndir um viðræðuáætlanir.

Mikið hringl virðist hafa farið fram meðal frumvarpshöfunda varðandi reglur um það hver eigi að gera viðræðuáætlun. Í upphaflegum drögum að frumvarpinu var gert ráð fyrir því að einungis heildarsamtök geri viðræðuáætlanir. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir því að einstök stéttarfélög geri viðræðuáætlun. Innan ASÍ yrði því um hundruð viðræðuáætlana að ræða, sem líklega yrðu allar gerðar við samninganefnd VSÍ ef um þær næst nokkurn tíma samkomulag. Varðandi þetta atriði virðast frumvarpshöfundar hafa tekið stórt stökk á skömmum tíma. ASÍ hefur hins vegar bent á að eðlilegt sé að landssambönd innan ASÍ séu ábyrg fyrir viðræðuáætlunum fyrir sitt samningssvið. Frumvarpshöfundar leggja hins vegar fyrst til algera miðstýringu og síðan algera valddreifingu í næsta skrefi.

## Skrumskæling á lýðræði

Frumvarpið er sagt lagt fram í nafni lýðræðis og megintilgangur þess er sagður vera að auka áhrif einstaklinganna í stéttarfélagunum. Í þessari umsögn hefur verið bent á að ýmiss konar fyrirkomulag atkvæðagreiðslna stangist gersamlega á við þær lýðræðishefðir sem við þekkjum. Þá hlýtur það einnig að vera stór spurning af hverju setja eigi sérstakar reglur um afgreiðslu mála á vinnumarkaðinum þegar aðrar reglur gilda í öðrum hlutum þjóðfélagsins. Tillögur um aukið vald sáttasemjara orka einnig verulega tvímælis sé litið til þeirra lýðræðishefða sem við þekkjum. Miðstjórn ASÍ telur frumvarpið ekki leiða til aukins lýðræðis innan verkalýðshreyfingarinnar og að með samþykkt þess verði um grófa íhlutun að ræða um innri málefni stéttarfélaganna. Miðstjórn telur að lýðræðislegasta leiðin í þessum efnum sé að leyfa aðilum vinnumarkaðarins sjálfum að gera rammisamning um samskiptareglur sín á milli.

Miðstjórn ASÍ telur að í hugmynd frumvarpsins um vinnustaðafélög felist vanþekking á eðli og hlutverki stéttarfélaganna. Það er alls ekki eina hlutverk stéttarfélaganna að gera kjarasamninga. Félagin hafa margvíslegum öðrum mikilvægum hlutverkum að gegna. Í því sambandi má t.d. benda á hlutverk þeirra varðandi starfsmenntamál. Verði fyrirhuguð lögverndun vinnustaðafélaganna að veruleika mun það brjóta upp starfsgreinaskiptinguna, fjölga fámennum félögum og takmarka möguleika félaganna á virku starfi.

Með hugmyndum frumvarpsins um stóráukna ábyrgð sáttasemjara á því að ná niðurstöðum við kjarasamningsgerð er um leið stefnt að minnkandi ábyrgð samningsaðila, þvert gegn yfirlýstum markmiðum tillöguhöfunda. Slíkar reglur fara einnig þvert gegn hugmyndum verkafélagsáhrifaráttavilinnar og miðstjórn ASÍ varar við þeim afleiðingum sem slíkt getur haft á kjarasamningsgerðina og vinnufrið í samfélaginu.

**Miðstjórn ASÍ telur að með samþykkt fyrirbyggjandi frumvarps væru unnin stórkostleg skemmdarverk á íslenskum vinnumarkaði. Með frumvarpinu er bæði verið að setja lög um atriði sem alls ekki á að setja lög um og þess utan eru margar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu mjög hæpnar, vanhugsaðar og illa útfærðar. Miðstjórn telur eðlilegt, og krefst þess, að afgreiðsla frumvarpsins innan Alþingis verði stöðvuð nú þegar þannig að samningsaðilum gefist tækifæri til þess að gera samkomulag um nauðsynlegar samskiptareglur sín á milli.**